
SELJATEIGUR OG SELJATEIGSHJÁLEIGA Í REYÐARFIRÐI SUÐUR-MÚLASÝSLU

Fornleifaskráning vegna skógræktar



SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2022
FS892-22301

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Mynd á forsíðu er tekin í Sellöndum ofan Seljateigs og hjáleigu undir Brúnum í innanverðum Reyðarfirði.
Í neðra vinstra horni má sjá seltattur 034 í Mið-Sellöndum. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.*

©2022
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆDRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	5
SUMMARY	5
1. INNGANGUR	6
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	8
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	10
4. FORNLEIFASKRÁ	12
4.1. SM-141 SELJATEIGUR	12
4.2. SM-142 SELJATEIGSHJÁLEIGA	34
5. FORNLEIFAR SELJATEIGS OG SELJATEIGSHJÁLEIGU	49
LANDNÁM Í REYÐARFIRDI.....	50
BYGGÐ Í SELJATEIGI OG UPPHAF SELJATEIGSHJÁLEIGU	51
BÆJARHÓLAR OG MINJAR Í HEIMATÚNI.....	52
MYLLULÆKURINN	53
HERMINJAR SEINNI HEIMSTYRJALDAR.....	53
RÉTTIR OG STEKKIR.....	56
GEITAHÚS OG VÖLVULEIÐI.....	57
BEITARHÚS OG SAUÐAÚTFLUTNINGUR Í LOK 19. ALDAR	58
SEL OG SELJABÚSKAPUR	58
MÓGRAFIR OG TENGÐAR MINJAR.....	60
6. DEILISKRÁNING VEGNA SKÓGRÆKTAR 2022	61
7. NIÐURSTÖÐUR – VARÐVEISLA, KYNNING OG FREKARI RANNSÓKNIR	64
8. HEIMILDASKRÁ	65
VIÐAUKAR	I
VIÐAUKI 1: LANDAMERKJALÝSING MERKJA MILLI KOLLALEIRU OG SELJATEIGS 1884 II	
VIÐAUKI 2: HNITASKRÁ ISN93.....	III
VIÐAUKI 3: MINJAKORT	III

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður aðalskráningar í landi Seljateigs SM-141 og Seljateigshjáleigu SM-142 í Reyðarfirði, sem og deiliskráningar á skógræktarreitum innan þessara tveggja jarða sem liggja fyrir 2022. Skráning var gerð að beiðni landeigenda jarðanna tveggja vegna fyrirhugaðra skógræktarframkvæmda. Alls voru skráðir 80 minjastaðir. Fyrirferðamestu skráðu minjar eru m.a. bæjarhólar jarðanna tveggja, umfangsmiklar mógrafir og hugsanleg mannvirki tengd þeim, tvö braggahverfi frá seinni heimstyrjöld, beitarhús, kvíar og sel.

Efnisorð

Fornleifaskráning, skógrækt, Seljateigur, Seljateigshjáleiga, bæjarhóll, seinni heimstyrjöld, sel

Summary


This report presents the results of an archaeological survey at Seljateigur SM-141 (tenant farm) and Seljateigshjáleiga SM-142 (croft) in Reyðarfjörður. The survey was done on behalf of landowners of the two farms preceding future reforestation plans in the area. In total 80 sites were surveyed. Some of the most noteworthy sites are e.g. the two farm mounds, peat mines and possible associated structures, two military camps from WWII occupied by British and American soldiers, sheephouses and pens, and a shieling.

Keywords

Archaeological survey, afforestation, Seljateigur, tenant farm, Seljateigshjáleiga, croft, farm mound, World War II, shieling

1. Inngangur

Í júlí 2022 var gerð ýtarleg fornleifaskráning á jörðunum Seljateigi SM-141 og Seljateigshjáleigu SM-142 vegna fyrirhugaðrar skógræktar. Skógrækt hófst fyrst á þessu svæði í lok 20. aldar. Jarðirnar tvær voru bæði svæðisskráðar og aðalskráðar, en mest áhersla var lögð á að deiliskrá á vettvangi fornleifar innan landamerkja jarðanna eins og þau eru skilgreind 2022 og fyrirhugaðra skógræktarreita innan þeirra landamerkja (mynd 1). Sólveig G. Beck sá um skráningu og eru megin niðurstöður settar fram í þessari einu skýrslu. Fyrst er hér farið yfir sögu fornleifaskráningar og aðferðir og í kjölfar þeirra kemur ítarleg fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum af skráðum minjum. Alls voru skráðar 80 fornleifar, þar af 51 frá Seljateigi og 30 frá Seljateigshjáleigu. Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman í stuttri samantekt. Aftast má svo finna hnitalista (viðauki 2, ISN93) og yfirlitskort sem sýna útlínur landamerkja 2022, deiliskráningarsvæða og staðsetningar minja innan þeirra. Jarðirnar tvær eru hlið við hlið innst í Reyðarfirði og nær skráð saga Seljateigs a.m.k. aftur á miðja 16. öld. Viðvera hernámsliða Breta og Bandaríkjamanna innan jarðanna tveggja var umtalsverð í seinni heimstyrjöld og má þar enn sjá greinileg ummerki tveggja herbúða. Samfelldum búskap var að mestu hætt á báðum jörðum árið 1975 en varðveitt landbún-



Mynd 1: Yfirlitskort yfir aðalskráningarsvæðið og landamerki Seljateigshjáleigu (raugar línur) og Seljateigs (grænar) í Reyðarfirði, eins og landamerkin eru skilgreind sumarið 2022. Gular línur afmarka skógræktarreiti sem voru deiliskráðir. Loftmynd er frá Loftmyndir ehf.

aðarmannvirki eldri en 1920 eru fá. Rúmlega helmingur varðveittra minja á báðum jörðum eru frá seinni heimstyrjöld. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum sem aðstoðuð við verkefnið á einn eða annan hátt. Helstu heimildamenn voru fulltrúar eigenda jarðanna Þóroddur Helgason og Sigurbjörn Marínósson, Björn G. Eiríksson, og Guðmundur M. H. Beck brottfluttur bóndi frá Kollaleiru SM-140.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bærstæði og bærarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SM-142:013). Þær minjar sem skráðar voru sumarið 2022 eru allar innan marka lögbýlisins Seljateigs (SM-141). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu


línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsen's Númer fornleifar á tiltekinni jarð Sérhæfi Tegund Íllitverk Hlutarstaða í landshúndakerfi ISN93

Sýsluríkið **SP-175-009** Sveinshlaða tófl hlaða E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Iðsmýnd af minjastöð og uppmaaling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjádri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutófl sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skalfártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóflin er í túnjádri fast suðvestan við Skalfártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innammáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innammáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfid norðvestan við hana. Nokkur hólmýndun er undir norðvesturhluta tóflarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

4.1. SM-141 Seljateigur

Sögulegar heimildir

Elstu heimildir sem fundist hafa um Seljateig eru frá miðri 16. öld. Landamerki Seljateigs og Áreyja eru nefnd í Íslenskum fornbréfum 1555-1562 (DI XIII, bls. 76). Í jarðamati í lok 17. aldar er Seljateigur einkaeign metin á 9 hndr (Björn Lárússon 1967, bls. 324). Jörðin er tvíþýli í manntali 1703 (Manntalsvefur ÞÍ, 2022), en óskipt. Í Sýslu- og sóknalýsingum árið 1843 er Seljateigur skráð sem bændaeign sem metin var á 6 hndr. og sögð ca. 1/4 mílu fyrir innan fjarðarbotninn norðanverðan (Hallgrímur Jónsson 1843, bls. 379). Í Jarðatali Johnsen 1847 er jörðin metin á 9 hndr, með einn eiganda og var hjáleigan metin 4 hndr af því mati (bls. 375). Í Sýslu- og sóknalýsingum segir einnig: "Hún [Hólmakirkja] á skógarteig í Seljateigslandi undir Grænafelli, milli Geithúsaár og Flatasteins" (Hallgrímur Jónsson 1843, bls. 384). Í Skýrslur um landshagi á Íslandi frá 1861 segir einnig um hlunnindi: "Ónotuð hlunnindi Hólma, 3. Skógarteigur í Seljateigsland; nær því gjöreyddur". Í Sýslu- og sóknalýsingum 1843 segir um jarðgæði og náttúru: "Tún er þar gæðagott, útheyskapur í minna lagi, landgæði dágóð og landrými, ... Þar hefir verið fyrrum nokkuð góður skógur, einkum í Grænafelli ... Þar á Hólmakirkja skógarteig, nú gjöreyddan. ... Fagradalsá rennur eftir Fagradal og niður í byggðina fyrir innan Grænafehl, ... Þegar hún með ... [Áreyjará, Hjálpleysuá og Hrúta] kemur saman við Geithúsaá og Skógdalsá rétt innan við Seljateig heitir megináin Sléttuá ... Njörvadalsá kemur úr Njörvadal og fellur í Sléttuá skammt fyrir utan Seljateig (Hallgrímur Jónsson, 1843, bls. 374-375).

SM-141:001 *Seljateigur* bæjarhóll bústaður 722499 512216


Samkvæmt Sveitir og jarðir í Múlaþingi hefur Seljateigur verið skógræktarjörð síðan um 1990 en hún fór að mestu í eyði 1975. Í Fasteignamati 1916-1918 segir: "185. Seljateigur. Landamerki: Engin formleg landamerkjaskrá fylgir. Jarðahús: Íbúðarhús 18x7 álnir úr torfi og tímbrí með jarnþaki [001], geymsluhús 8x5 ál. [014] 2 skúrar 6x6 ál. hvor [015], fjós yfir fjórar kýr [002], 2 hesthús yfir 2 hesta [009 og 011], 2 hlöður taka 100 hesta [012-013]." Til eru lýsingar á landamerkjum Kollaleiru og Seljateigs frá 1884 undirskrifuð af ábúendum beggja jarða (Landamerkjaskjöl ÞÍ, sjá viðauka 1). Samkvæmt Birni G. Eiríkssyni er ekki vitað hvernig gamla bæjarhúsið leit út, en að það hafi „sennilega verið torfbær, með löngum göngum.“ Í dag (júlí 2022) er bæjarhóll óljós, um 65x50 m að flatarmáli, 1-2 m á hæð og snýr ANA-VSV. Hann er sléttaður og vel grasigróinn og búið er að gera upp og stækka til norðurs gamla timburhúsið sem reist var 1884/1885. Í langri röð um 5 m norðan og ofan við íbúðarhúsið standa frá A til V, safnhús, fjós (6 kýr), hlaða (495 m³) og fjárhús (240 fjár) frá 5. áratugnum, sem vel er haldið við og verið er að gera upp (Myndir 3 og 4). Malarplan er milli húsa og á austanverðum bæjarhólnum. Á túnakorti Seljateigs og hjáleigu frá 1919 eru engin hús merkt annarsstaðar í túni en í langri og mjórri hualengju á bæjarhólnum (um 27,5x4,5 m) í Seljateigi ásamt þrem matjurtagörðum [003-005] (mynd 5). Hefur gamla íbúðarhúsið líklega verið í austurenda þessarar lengju. Samkvæmt




Mynd 3: Bæjarhóllinn í Seljateigi. Horft er til norðvesturs.



Mynd 4: Útlínur bæjarbóla Seljateigs SM-141:001 (til hægri) og hjáleigu SM-142:001 (til vinstri). Útlínur kálgarðs SM-142:003 sjást sunnan húss í Seljateigshjáleigu.



Mynd 5: Túnakort Seljateigs og hjáleigu frá 1919. Merkt hafa verið inn á kortið upplýsingar um örnesni og númer skráðra fornleifa innan eða í nálægð við heimatún sem finna má í listanum hér að neðan.



Mynd 6: Túnakort 1919 fellt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Þóroddi og Jóhanni Sæberg heimildamönnum voru skúr og lambakofi fast vestan við íbúðarhúsið en einnig var hlóðaeldhús þar sem nú er malarplan sunnan safnhússins. Engin önnur útihús eru merkt innan túns en þó voru á fyrri hluta 20. aldar, fjós, hlaða og fjárhús á sama stað og þau standa núna á bæjarhól, ásamt hesthúsi fyrir tvo hesta fast norðan við fjósið. Ekkert sést til eldri húsa í dag og ekki ljóst hvers vegna útihús eru ekki merkt inná túnakortið 1919. Núverandi fjárhús á bæjarhól Seljateigs voru byggð af Hans Ríkharð Beck og Pétri Jónassyni um 1949 (Þóroddur Helgason og Guðmundur M.H. Beck heimildamenn, 2022). Líklegt þykir þó að geymsluhús (5x2,5 m), skúrnarnir tveir (3,5x3,5 m) og íbúðarhús (12x4,5 m) hafi myndað um 24 m langa húsaröð og að hlóðaeldhús, fjós og a.m.k eitt hesthús og hlaða sem nefnd eru í fasteignamati hafi staðið saman í röð á bæjarhólnum norðaustan og aftan við íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sveitir og jarðir, 1995, bls. 509 og 511; Fasteignam. 1916-’18, bls. 84; Túnakort 1919; Landamerkjaskj. ÞÍ; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 7

SM-141:002 heimild um fjós 722513 512228

Í fasteignamati Seljateigs frá 1916-1918 er skráð fjós yfir fjórar kýr. Samkvæmt Birni G. Eiríkssyni heimildamanni var það líklega á svipuðum stað og núverandi fjós sem steypt var upp á 5. áratugnum í norðausturbrún bæjarhóls fast sunnan við bæjarlækinn. Búið er að slétta bæjarhól allt í kring um gamla íbúðarhúsið sem gert hefur verið upp. Ekkert sést til fornminja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Sveitir og jarðir, 1995, bls. 509 og 511; Fasteignamat 1916-1918, bls. 84

SM-141:003 *Rúst/Langabeð* heimild um kálgarð 722512 512200

Líklega hafa matjurðargarðarnir þrír merktir á túnakort í Seljateigi árið 1919 verið um 750 m² að flatarmáli samtals. Garður 003 var um 5 m suðaustan við bæjarhús 001, snéri A-V og hefur hann verið um 34x16 m að flatarmáli. Björn G. Eiríksson minnst líklega á þennan kálgarð í viðbótum sínum við örnefnaskrá: „Beint niður af bænum, en efst í túninu heitir Rúst, en þar var gamall kálgarður, notaður á dögum ömmu minnar ... Nú orðinn að túni. Fyrir neðan bæinn er einnig, Langabeð, ungt örnefni.“ Á þessu svæði er sléttað tún framan við íbúðarhúsið í aflíðandi halla til suðurs. Hugsanlega er hægt að greina óljósar útlínur garðs örlítið upphækkaðar, sérstaklega í norðvesturhorni hans. Ekki er vitað hvort garðlag utan um garðinn var torfhláðið eða úr bæði torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 5-6

SM-141:004 gerði kálgarður 722472 512380

Líklega hafa matjurðargarðarnir þrír merktir á túnakort í Seljateigi árið 1919 verið um 750 m² að flatarmáli samtals. Kálgarður 004 er í skógarrjóðri um 160 m NNV ofan við bæjarhús 001. Erfitt er að komast að garðinum í gegnum barrskóginn ofan við Háabard, sem er þétt í kringum mannvirkid og birki- og víðihrislur eru teknar að fylla uppí garðinn að innan. Garðurinn sem varðveist hefur er grafinn inn í bakkann að vestan og norðan, er um 14 x7 m að flatarmáli og snýr ANA-VSV. Að innan er botninn nokkuð flatur og hallar örlítið til suðurs. Torfhláðið garðlag er greinilegt að sunnan og austanverðu. Garðlagið er grasigróid og frekar rýrt, 0,5-1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Garðurinn er í raun nokkuð lengra til austurs en ætla mætti af uppsettu túnakorti (mynd 6). Ekki er útilokað að garðinum hafi verið hliðrað til austurs á einhverjum tímupunkti eftir 1919 en engin ummerki um eldri garð sjást í barrskóginum.



Mynd 7: Kálgarður 004. Fremst á mynd er suðvesturhorn garðsins. Horft er til norðausturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1919

SM-141:005 heimild um kálgarð 722530 512392

Líklega hafa matjurðargarðarnir þrír merktir á túnakort í Seljateigi árið 1919 verið um 750 m² að flatarmáli samtals. Garður 005 var efst í, eða fast ofan við, túnið Þrílang um 180 m NNA og ofan við bæjarhús 001 og um 40 m austan við garð 004. Á þessum stað er sléttað tún sem hallar nokkuð í suður. Samkvæmt túnakorti var kálgarðuinn um 15x9 m að flatarmáli, var örlítið aflaga en snéri gróflega A-V. Engin greinileg ummerki eru lengur um hann í túni en ekki er þó útilokað að hægt sé að greina leifar af norðvesturhorni hans efst í norðvesturhorni túnblettisins.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


Heimildir: Túnakort 1919

SM-141:006 *Þrílangur* tóftir fjárhús 722561 512383

Í ornefnaskrá Seljateigs segir: "Þrílangsbard heitir eftir fjárhúsi, sem kallaði var Þrílangur, lengt þrisvar sinnum." Þrílangur var um 160 m NNA við bæ 001. Útihúsin voru grafin inn til norðurs í grasigróna brekku í heimatúni fast vestan við lækjar drag sem liggur niður til SSA. Lækurinn virðist að mestu uppþornaður og er vel grasigróinn. Á þessu svæði er birkiþjarr og barrtré í tóftunum og upp með læknum. Húsin voru á svæði sem er um 35 m á lengd og um 8 á breidd og snýr NNW-SSA. Tóftirnar eru vel grasigrónar og lítið sést annað en þrjár kasslaga dældir eða stallar í langri röð upp brekkuna. Innanmál þeirra er um 5-10 m á lengd og 4-7 m á breidd. Dældirnar eða grunnarnir eru 0,5-1,5 m djúpir. Gengið hefur verið inn í húsin að SSA verðu og hafa líklega verið timburþil og þak á húsunum og veggir grjót og torfhláðir, a.m.k. að einhverjum hluta, en lítið sést af þeim í dag.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5



Mynd 8: Gróf teikning af Þrílangi 006. Mjög lítið sést til veggjableðsla og það sem sést enn í landslagi eru þrjár niðurgrafnir stallar niður brekkuna þar sem húsin hafa staðið.

SM-141:007 *Hringhús* heimild um útihús 722415 512307

Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar við ornefnaskrá Seljateigs segir: „Ofan við bæjarlækinn (Hjálegulæk-Hvannalæk) inn og upp af bænum heitir Hringhústún, þar var fjárhús og hlaða, utan við túnið rennur Hringhúslækur.“ Samkvæmt Þóroddi Helgasyni heimildamanni var fjárhúsið í Hringhústúni um 120 m NV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttá tún sem hallar til suðurs. Ekkert sést á yfirborði vegna niðurrifs en óljósar útlínur þess sjást á mynd 6. Húsið var úr torfi og grjóti, um 20x10 m að flatarmáli og snéri N-S. Mjög líklegt er að gengið hafi verið inn að sunnanverðu. Eftir að húsið var sléttáð var grjót úr veggjum þess að valda vandræðum í slætti og var því fjarlægð grjót úr veggjum annað slagið á löngu tímabili til að auðvelda hann.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 4

SM-141:008 *Lukkuóttafyrirgöngu* heimild útihús

Í ornefnaskrá er nefnt Lukkuóttafyrirgöngu og er það fast norðan og ofan við bæjarhól 001 og bæjarlæk (mynd 5). Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar segir: „Ofan við bæinn og rétt ofan við bæjarlækinn heitir Lukkuópt og Lukkuóptafyrirgöngu, vafalaust heiti eftir einhverri „Lukku“, ... tóttin var lítil (hún er nú horfin vegna jarðarbóta),“. Björn leiðir líkur að því í skránni sinni að Lukka þessi gæti hafa verið skráð manntali 1801 í Seljateigi. Þóroddur Helgason heimildamaður vissi ekki hvar Lukkuótt var staðsett og nákvæm staðsetning og hlutverk tóftar í túninu er því óljós.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 4-5

SM-141:009 *Hesthústún* heimild um hesthús


Í ornefnaskrá Seljateigs er nefnt Hesthústún (mynd 4) og í fasteignamati 1916-1918 fyrir Seljateig eru á bænum tvö hesthús yfir tvo hesta (sjá einnig 011). Samkvæmt Þóroddi Helgasyni heimildamanni er túnið um 50 m ASA við bæjarhól, fast austan við bæjarlæk. Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar við ornefnaskrá voru hesthústóftir í túninu sem sléttáðar voru út. Staðsetning þessa húss er óljós því ekki eru merkt hús í Hesthústúni á túnakorti og heimildamaður kannast ekki við tóftir á þessu svæði. Túnið er sléttáð og hallar til suðvesturs. Ekkert sást þar til fornleifa við skráningu.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 5

SM-141:010 tóft fjárhús 722464 512365

Efst í túni sem kallast Háabarð er fjárhústóft sem ekki er merkt á túnakort 1919. Tóftin er um 150 m NNV og ofan við bæ 001. Tóftin er efst í sléttuðu túni fast sunnan og neðan við stóran reit af gömlum barrtrjám. Húsið er grjót- og torfhláðið og glittir í grjóthleðslur hér og þar í öllum veggjum sem eru vel grasigrónir. Tóftin er um 9 m á lengd, um 5,5 m á breidd og snýr gróflega A-V. Veggir eru um 1,5-2 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og innanmál hefur verið um 2x5 m. Hrun hefur orðið í vestanverðri tóft. Um 0,5 m breiður inngangur er í SA-horni á suðurvegg. Tóftin hefur verið grafin inn í brekkuna en óljóst er hvort timburþak hefur verið yfir henni eða hvort um einfalt aðhald var að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 9: Grjót og torfhláðin fjárhústóft 010. Horft til austurs á ljósmynd.

SM-141:011 heimild um hesthús

Í fasteignamati 1916-1918 eru í Seljateigi tvö hesthús yfir tvo hesta (sjá einnig Hesthústún 009). Staðsetning þessara hesthúsa er óljós en ekki er ólíklegt að a.m.k. annað þeirra hafi verið á bæjarhól 001 og hitt í Hesthústúni 009. Nákvæm staðsetning óþekkt.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigur

SM-141:012 heimild um hlöðu

Í fasteignamati 1916-1918 eru í Seljateigi tvær hlöður sem taka 100 hesta. Líklegt verður að teljast að báðar hlöður hafi verið áfastar öðrum peningahúsum og hugsanlegt er að a.m.k. önnur þeirra hafi verið áföst fjárhúsi og fjósi í húsapýrpingu heima á bæjarhól 001. Staðsetning hinnar er óljós.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigur

SM-141:013 heimild um eldhús 722520 512221

Samkvæmt Þóroddi Helgasyni heimildamanni var grjót og torfhláðið hlóðaeldhús norðaustast á bæjarhól 001.

Þar er sléttað malarplan og bílastæði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SM-141:014 heimild um skemmu

Í fasteignamati 1916-1918 var 5x2,5 m geymsluhús í Seljateigi. Mjög líklegt er að það hafi staðið í húsaröð á bæjarhól vestan við íbúðarhús 001. Á þessu svæði er timburpallur og sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigur

SM-141:015 heimild um skemmu

Í fasteignamati 1916-1918 eru tvær 4x4 m skúrar í Seljateigi. Mjög líklegt er að þeir hafi staðið í húsaröð á bæjarhól fast vestan og/eða austan við íbúðarhús 001. Vestan við íbúðarhús er timburpallur og sléttað tún, og austan við það er sléttað malarbílastæði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigur


SM-141:016 Kvíabarð tóft kvíar 722615 512435

Í örnefnaskrá Seljateigs er talað um Kvíaból í túni úti og uppi, en Þóroddur Helgason heimildamaður kannast ekki við annað en nafnið Kvíabarð. Viðbætur Bjarnar G. Eiríkssonar við örnefnaskrá nefnið aðeins Kvíabarð. Kvíarnar eru í brekku ofan heimatúns um 240 m NA við bæ 001. Vel grasigróin tóftin er grafin inn í brekkuna og eru gömul barrtré allt um kring svo hún sést ekki frá bæ. Tóftin er tvískipt, um 12 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NNV-SSA. Hólf

A er stærra, um 7x2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf B er fast sunnan við hólf A. Hólf B er minna eða um 3x1 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir 1-1,5 m á hæð í stærra hólf A en 0,5-1 m í hólf B. Gengið er inn í tóft um 1 m breiðan inngang að sunnanverðu við SV-horn tóftar, við vesturenda hólfs B. Inngangur hefur eitthvað aflagast og fallið saman. Kviarnar voru síðast notaðar fyrir minni Þórodds Helgasonar heimildamanns.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 5



Mynd 10: Kvíartóft 016. Horft til norðvesturs á ljósmynd.

SM-141:017 frásögn vatnsból 722605 512354


Norðaustan Hjalltúns um 170 m NA við bæ 001 er örflítill uppspretta sem sjaldan frýs. Á þessu svæði er deigt graslendi við brekkurætur og endar tveggja ræsiskurða í norðausturhorni Hjalltúns. Fast ofan og norðan við uppsprettu er barrskógur. Engin mannvirki eru tengd uppsprettunni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

SM-141:018 þúst óþekkt 722663 512316

Þúst 018 er um 190 m NA við bæ 001 fast norðaustan og ofan við Hesthústún 009. Á þessu svæði er náttúruleg brún hjalla sem er grasi- og lyngigróin með víði og birkikjarr hér og þar. Þústin er óljós en um 17x8 m að utanmáli og snýr A-V. Þústin virðist tvískipt og hefur líklega verið grafin inn í brún hjallans. Engin greinileg ummerki má greina um grjóthleðslur en þústin er um 0,2-1,2 m á hæð. Hólfin tvö liggja A-V en hólf A til austurs er greinilegra en hið vestara. Innamál er um 5x2 m og 3x3 m. Hér gæti hafa verið lítill stekkur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar




Mynd 11: Tóft 018, horft til norðausturs á ljósmynd.

SM-141:019 tóft óþekkt 722792 512080

Einföld, gömul tóft er í suðurbrún 5-6 m há hjalla, um 325 m SA við bæ 001 (mynd 10). Varða 020 er hlaðin ofaná suðvesturvegg tóftarinnar. Hjallinn er grasigróinn og tóftin er umkringd barrtrjám svo hvorki hún né varða 020 sjást frá bæ eða vegi. Tóftin er einföld, um 11 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NA-SV. Tóftin er líklega torf og grjóthlaðin

en veggir eru mjög signir, um 2 m á breidd og aðeins 0,2-0,5 m háir. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi. Ekki er ljóst hvar gengið hefur verið inn. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 12: Tóft 019 er með óþekkt hlutverk. Horft er til suðvesturs yfir tóftina á neðri ljósmynd. Varða 020 á ljósmynd í efra hægra horni situr á vesturborni tóftarinnar og borft er yfir vörðuna til suðurs.

SM-141:020 Varðan varða óþekkt 722790 512078

Lítill, grjóthlaðin varða er í suðurbrún 5-6 m háa hjalla sem samkvæmt Birni G. Eiríkssyni kallast Varðan, um 325 m SA við bæ 001 (mynd 12). Varðan er hlaðin ofaná suðvesturvegg tóftar 019. Hjallinn er grasgróinn og varðan er umkringd barrtrjám svo hvorki hún né tóft 019 sjást frá bæ eða vegi. Varðan er grjóthlaðin, um 0,2-0,5 m á hæð og 1x1 m að flatarmáli. Varðan þjónaði sem kennileiti frá Seljateig.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimild: Ö-Seljateigur viðb. BGE, 5

SM-141:021 tóft beitarhús 722812 512481

Beitarhús og hlaða Gísla S. Benediktssonar eru um 410 m NA við Seljateig 001 og um 185 m innan og vestan við Njörvadalsá. Húsin voru í notkun fyrir miðja 20. öld á meðan Gísli býr í Seljateigi, áður en hann flytur í Fögruhlíð 038 eftir seinni heimstyrjöld 1946. Tóftirnar eru í grösugu mólendi fast ofan við langan og mjóan lund af barrtrjám sem snýr NA-SV. Tóftirnar eru stórar og miklar um sig og vel grasgrónar. Þær eru um 24 m á lengd, um 14 m á breidd og hlaðnar úr torfi og grjóti. Veggir eru um 2-5 m á breidd og innanmál beitarhúss er um 12x3 m NNV-SSA. Gengið var inn að sunnan. Hlaða var fast norðan við beitarhúsið, um 5x4 m að innanmáli og snéri VSV-ANA. Veggir að innan eru 1-2 m á hæð í beitarhúsi en hlaðan virðist standa 1,5 m hærra svo það er spurning hvort hún hefur verið gerð úr timbri og bárujarni eða þá að fyllt hefur verið upp í hana. Þessi staður telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetuögu svæðisins og fær því að fljóta með.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 13: Beitarbús og hlaða nýtt af Gísla S. Benediktsyni fyrir 1946. Horft til SSA.

SM-141:022 náma mógrafir 722815 512317


Á mel sem kallast Holt milli Njörvadalsár í austri og heimatúna í Seljateigi í vestri er umfangsmikið efnistökusvæði. Samkvæmt viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar við örnefnaskrá Seljateigs eru þetta gamlar mógrafir. Svæðið er að minnsta kosti 130 m langt, um 80 m á breidd og snýr N-S ofarlega á Holtinu í norðri og niður til suðurs. Ekki er alveg ljóst hvort verið var að taka mó til eldsneytis, rista torf í byggingar, eða bæði. En mótekja virðist mjög líklegur kostur. Á þessu svæði eru einnig fimm þústir/tóftir 024-028 sem gætu verið leifar af mókofum, heystæði og/eða leifar af torfstöflum í tengslum við efnistöku á svæðinu. Hið vel greinanlega efnistökusvæði á Holtinu er nokkuð deigt og vel grasgróid en efnistakan hefur einnig hugsanlega valdið nokkru jarðvegsrofi á melnum, a.m.k. 50 m til vesturs, og beinar og hornréttar línur í austurjaðri rofabarðs til suðurs (sjá meðfylgjandi loftmynd) gætu gefið til kynna að efnistökusvæðið hafi verið mun stærra (sjá einnig 023). Grafirnar sem ennþá sjást eru 0,2-2 m djúpar og líklegt er að í hvert skipti hafi oft verið teknar grafir sem voru 2,5x2,5 m til 2x3 m að flatarmáli og svæðið svo stækkað smátt og smátt. Ekki er ljóst hvort efniviður var notaður aðallega frá Seljateigi eða hvort efnistaka hafi átt sér einnig stað í seinni heimstyrjöld í tengslum við Minden herbúðirnar 039 á vesturbakka Njörvadalsár. Grafirnar gætu verið hættulegar búpeningi.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimild: Ö-Seljateigur viðb. BGE, 6



Mynd 14: Mógrafir 022 á Holtinu austan heimatúns. Ljósmynd tekin í suður.




Mynd 15: Mógráfir 141:022 á Holtinu í Seljateigi. Mjög líklegt er að rofabönd til vesturs og suðvesturs hafi einnig myndast vegna efnistöku á svæðinu. Loftmynd frá Loftmyndir ehf.

SM-141:023 tóft óþekkt 722754 512283

Hugsanlegt aðhald eða rétt er sunnan undir vel grónum bakka í brún Hóltsins að suðvestanverðu um 265 m ANA við bæ 001 og um 70 m suðvestan við efnistökusvæði 022, fast ofan við stóran lund af barrtrjám. Bakkinn er vel grasi- og lyngigróinn og gömul barrtré standa að sunnan og austan við mannvirkið. Í botni þess vaxa hríslur af birki og víði.

Mannvirkið tekur um 12x9 m stórt svæði og innanmál þess er um 8x4 m og snýr VNV-ASA. Að norðanverðu er hlið þess náttúrulegur, 1,5 m háur bakki, en hugsanlegir hlaðnir veggir eru að austan- og sunnanverðu (0,5-1 m á hæð) og gæti glitt í hrundar grjóthleðslur í SA horni. Þó má ekki sjá neinar greinilegar grjóthleðslur í öðrum hliðum. Gengið hefur verið inn að sunnan. Ekki er útilokað að minna hólf 2x2,5 m gæti einnig hafa verið við suðvestur horn en það er óljóst vegna trjágróðurs. Þetta mannvirki er þó óljóst og gæti verið náttúrulegt rof í bakkann en er látið njóta vafans. Einnig er hugsanlegt að hér sé um að ræða frekari ummerki um efnistöku á Holtinu (sjá 022).

Hættumat: stórhætta, vegna trjáreктar



Mynd 16: Hugsanleg rétt eða uppgróin mógröf 023, borft til ASA.

SM-141:024 tóft óþekkt 722810 512341

Í miðju mótekjusvæði 022 um 335 m ANA við bæ 001 er kassalaga tóft (sjá mynd 15). Tóftin stendur hátt. Hún er áberandi innan svæðisins og vel grasigróin. Tóftin er um 8,5x6 m að flatarmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,5-1,5 m á hæð og 2-3 m breiðir. Engin greinileg ummerki eru um grjóthleðslur í torfhlöðnum veggjunum. Virðist sem gengið hafi verið inn í tóft að vestanverðu og innamál gæti hafa verið um 4,5x1,5 m. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt en mjög líklegt er að um sé að ræða leifar af heystæði, mókofa eða upphlöðnum torfhrauk.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-141:025 tóft óþekkt 722769 512342

Einföld þúst eða tóft er fast norðan og ofan við rofabarð um 35 m vestan við tóft 024 og um 300 m ANA við bæ 001 (sjá mynd 15). Mjög líklegt er að tóftin standi fast norðan við leifar mógrafa 022. Tóftin stendur í þýfðu graslendi með víðihríslur á stangli og búíð er að gróðursetja tré fast norðan við hana. Tóftin er um 6x4 m að flatarmáli og snýr ANA-VSV. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en innamál hennar er um 2x1,5 m. Veggir eru torfhláðnir, um 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Nákvæmur tilgangur tóftar er óþekktur en mjög líklegt er að um sé að ræða leifar af heystæði, mókofa eða upphlöðnum torfhrauk.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-141:026 tóft óþekkt 722838 512321

Einföld tóft er fast austan við efnistökusvæði 022 um 25 m SA við tóft 024 og 355 m ANA við bæ 001 (sjá mynd 15). Tóftin stendur í grasigrónu þýfi með víðihríslur hér og þar. Tóftin er um 7x5 m að flatarmáli og snýr NV-SA. Veggir hennar eru torfhláðnir, um 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Gengið hefur verið inn að sunnan í SV-horni um 0,5 m breiddan inngang og innamál er um 2,5x1,5 m. Nákvæmur tilgangur tóftar er óþekktur en mjög líklegt er að um sé að ræða leifar af heystæði eða mókofa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 17: Til vinstri er tóft 026 sem er fast austan við mógrafar 022 á Holtinu austan heimatúns. Ljósmynd tekin í suðaustur. Til hægri er tóft 027 sunnan mógrafanna (sjá einnig mynd 13). Horft til ASA.

SM-141:027 tóft óþekkt 722805 512241

Einföld, niðurtroðin tóft er um 60 m sunnan við tóft 024 og um 315 m ANA við bæ 001. Tóftin er í grasgrónu flatlendi í aflíðandi halla til suðurs og er nýtt sem hagi fyrir hesta (sjá myndi 15 og 17). Um 20 m til vesturs er stór lundur af barrtrjám í rofabarði. Tóftin er um 5,5x4,5 m að flatarmáli og snýr VNV-ASA. Torfveggir eru um 1,5-2 m á breidd og <0,5 m á hæð. Innanmál er um 2,5x1,5 m. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var byggð en hér er líklega um að ræða leifar af heystæði eða mókofa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-141:028 tóft óþekkt 722807 512274

Einföld, niðurtroðin tóft er um 30 m sunnan við tóft 027 og um 315 m ANA við bæ 001 (sjá myndir 15 og 18). Tóftin er í grasgrónu flatlendi í aflíðandi halla til suðurs og er nýtt sem hagi fyrir hesta. Um 5 m til vesturs er rofabarð og stór lundur af barrtrjám. Tóftin er um 6x5 m að flatarmáli og snýr A-V. Veggir eru úr torfi, um 1,5-2 m á breidd og <0,5 m á hæð. Innanmál er um 3x1,5 m. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Nákvæmur tilgangur tóftar er óþekktur en hugsanlega gæti hér verið um að ræða leifar af heystæði eða mókofa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-141:029 *Árnastekkur* tóft stekkur 722905 512625

Í örnefnaskrá Seljateigs segir: "Hálsendi heitir út við Njörvadalsá. Neðar heitir Árnastekkur." Björn G. Eiríksson kemur með tilgátur um að stekkur þessi gæti einnig hafa heitið Árstekkur. Stekkurinn er við fjallsrætur um 70 m vestan við Njörvadalsá og um 585 m NA við bæ 001. Á þessu svæði er graslendi og er tóftin beint undir raflinum frá Kárahnjúkavirkjun. Tóftin er gróin grasi og lyngi, og víði- og birkikjarr er farið að hreiðra um sig á svæðinu. Stekkurinn er tvískiptur og grjótt- og torfhladinn, um 18 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr A-V. Hann hefur líklega verið örlítið grafinn inn í hlíðina og veggir hans eru 2-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hólf A er kassalaga og um 3x3 m að innanmáli. Óljóst er hvar gengið var inn. Hólf B er austan við hólf A. Það er lengra, um 7 m á lengd og 3,5 m á breidd að innanmáli og snýr A-V. Hólfid virðist alveg opið til suðurs og gæti verið að því hafi verið lokað með timburgrindum eða það einfaldlega haft opið.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 4; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 4



Mynd 18: Tóft 028 sunnan mógrafa 022 á Holtinu austan heimátúns. Ljósmynd tekin til VNV.

hugsanlega gæti hér verið um að ræða leifar af heystæði eða mókofa.



Mynd 19: Árnastekkur 029, borft til VNV á ljósmynd.

SM-141:030 þúst óþekkt 722931 512405

Í lítilli grasgróinni kvos í vesturbakka Njörvadalsár er lítil einföld þúst um 470 m ANA við bæ 001. Kvosin er bogadregin, um 90x50 m að flatarmáli, deig og mjög grösug og hallar landið niður að ánni. Þústin er kassalaga, um 6x5 m að flatarmáli og er opin til austurs. Innanmál er um 3x1,5 m og snýr A-V. Engin ummerki eru greinileg um grjóthleðslur í veggjum sem eru signir, um 1,5-2 m á breidd og <1 m á hæð. Hér gæti vel verið um lítið heystæði að ræða, en einnig er hugsanlegt að þetta sé aðeins uppgróið rofabarð.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 20: Þúst 030 í bakka Njörvadalsár. Horft til norðurs.

SM-141:031 hleðsla rétt 722839 512542
Við fjallsrætur um 150 m vestan við Njörvadalsá er upphlaðinn grunnur tímurréttar um 460 m NA við bæ 001 og um 95 m SV við Árnastekk 029. Tímurréttin var í notkun um miðja 20. öld fram til ársins 1966. Á þessu svæði er grasgróið þýfi undir raflinum frá Kárahnjúkavirkjun og fast norðan við grunninn er línuvegslóði og kjarr. Tímbríð í réttinni er horfið en grunnur réttarinnar er enn vel sjáanlegur um 23x9 m að flatarmáli og snýr ANA-VSV. Grunnurinn er um 0,2-0,5 m hár og er vel grasgróinn. Þessi staður telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetusögu svæðisins og fær því að fljóta með.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 21: Undirstöður réttar 031, horft til ANA.

SM-141:032 *Einstigi* örnefni vað 722967 512436
Í viðbót við örnefnaskrá eftir Björn G. Eiríksson segir: "Neðan við gljúfrið [Stekkjargljúfur] tekur við Fosshvammur, þar er, eða var, Einstigið, þar sem stíga mátti yfir ána, er hún rann þröngt á milli tveggja klappa." Vaðið er yfir Njörvadalsá ofarlega milli tveggja gljúfra, Stekkjargljúfurs og Einstigs(foss)gljúfurs um 520 m ANA við bæ 001. Um er að ræða vað milli Seljateigs og Kollaleiru en það var ekki á neinni ákveðinni leið. Áin er nokkuð mjó og straumhörð á þessu svæði en hraunbotn og klettur í ánni gera það að verkum að hún er nokkuð grunn og auðvelt er að típla eða stökkva yfir. Engin greinileg ummerki um götu liggja út frá vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Seljateigur, viðbót BGE, 1



Mynd 22: Einstigi yfir Njörvadalsá, horft í SSV.

SM-141:033 *Gullhellir* frásögn bústaður 723024 512727

Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Þar í [Þrengslum] er hellir, eða hellisskúti, er Gullhellir nefnist. Fylgir honum sú sögn, að áður fyrr í Seljateigi hafi búið ekkja nokkur, rík að löndum og lausum aurum. Kom nú að því að ekkja þessi var á brautu kölluð, en slík munu víst örlög oss öllum sköpuð. Ekkjan átti börn mörg nokkuð. Hermir sagan, að einn sonur ekkjunnar vildi undan koma gullinu, eða gullpeningunum ... og fal í helli nokkrum. ... Sagan hermir, að í vatnavöxtum hafi áin eitt sinn á braut sópað gullinu. ... Af þessu mun nafnið Gullhellir hermt vera." Hellisskúti þessi er náttúrulegt innskot í austurvegg Njörvadalsárgils um 735 m NA við bæ 001. Hvorki Þóroddur Helgason né Guðmundur M.H. Beck heimildamenn könnuðust við þetta nafn sem er líklega nýlegur uppspuni um afkomendur Sæbjargar Jónsdóttur ríku, frekar en eiginleg þjóðsaga, jafnvel þótt að mörkin þar á milli séu oft óskýr. Engar mannvistarleifar er á svæðinu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Seljateigur, viðbót BGE, 1

SM-141:034 *Selmýri* tóft sel 722194 513238

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir neðan Brúnir eru Sellönd, gróðursælar brekkur og engjalönd. Fyrir neðan Sellönd fellur Selá ... Sellöndin skiptast í Út-Sellönd, Mið-Sellönd og Fram-Sellönd. Neðst í Mið-Sellöndum er Þröskuldsmýri ofan við Selá. ... Á Þröskuldsmýri eru miklar (sel)tættur." Selíð í Þröskuldsmýri er um 150 m ofan og norðan við Selá og um 1,1 km NNV við bæ 001. Á þessu svæði er mildur halli til suðurs og flatlendið er grasi og lyngigróið þýfi. Birki og víðhríslur á stangli. Rétt vestan við tóftina er lítil lækjarspræna sem rennur til suðurs niður í Selá. Seljatóftin er í góðu ástandi og vel greinileg í landslaginu. Tóftarsvæðið er um 17x14 m að flatarmáli. Tóftin er L-laga og skipt upp í tvö hús: hólf A í syðra húsi og hólf B-D í því nyrðra, og eina rétt E sem skilur á milli þeirra. Öll hólfin snúa VNV-ASA fyrir utan hólf D sem snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og torfi, um 1-3 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Hólf A er syðst og er um 3x1,5 m innanmáli. Inngangur er ekki alveg greinilegur en líklega hefur verið gengið inn að sunnanverðu. Hólf B er um 5x2 m að innanmáli og hólf C er 3,5x1,5 m að innanmáli. Hólf C er fast austan við hólf B og gengið hefur verið inn í hólfin líklega bæði að sunnanverðu. Óljóst er hvort innangengt hefur verið á milli þeirra. Hólf D er fast vestan við hólfi B. Það er minnst og er um 2x1,5 m að innan. Hugsanlega hefur verið gengið inn að vestanverðu eða innangengt úr hólfi B. Hólf E er milli hólfs B og C, og hefur líklega verið fjárrétt. Austur- og vesturveggir þess eru mjórrí (1 m) og lægri (0,5-1 m) en veggir húsanna A-D. Hólf E er um 4,5x3 m að innanmáli. Gengið hefur verið inn að austanverðu. Ekki er vitað nákvæmlega til hvers hólfin hafa verið notuð.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 4



Mynd 23: Selíð 034 í Mið-Sellöndum. Horft er til VSV á ljósmynd.

SM-141:035 *Heygarðslág* örnefni heygarður

Í örnefnaskrá segir: "Efst í Sellöndum er Engihjalli, en neðan við Mið-Sellönd Tjaldhjalli [036], heyskapur á báðum. Bezta engið þarna er Heygarðslág á milli hjallanna." Nákvæm staðsetning Heygarðslágar er óljós og ekki er nefnt í örnefnaskrá hvort heygarðstættur séu á svæðinu. Björn G. Eiríksson nefnir einnig Heygarðslág í viðbótum sínum en nefnir ekki nein mannvirki í láginni. Engar minjar fundust og Þóroddur Helgason heimildamaður kannaðist ekki við heygarðstættur á svæðinu.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 4; Ö-Seljateigur viðb BGE, bls. 1

SM-141:036 *Tjaldhjalli* heimild um áfangastað 722251 513293

Í örnefnaskrá segir: "Efst í Sellöndum er Engihjalli, en neðan við Mið-Sellönd Tjaldhjalli [036], heyskapur á báðum. Bezta engið þarna er Heygarðslág [035] á milli hjallanna." Ekki er ljóst nákvæmlega hvaða hjalli heitir Tjaldhjalli norðan og ofan við Selána, en Þóroddur Helgason heimildamaður telur líklegast að um sé að ræða hjallann fast ofan og norðan við seljatóftir 034 sem liggur til austurs yfir að Njörvadalsá. Líklegt þykir að tjaldbúðum hafi verið slegið upp í heyskap í Sellöndum en nákvæm staðsetning tjaldbúða er óþekkt. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 4

SM-141:037 *Myllulækur* mannvirki mylla 723089

512188

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir utan tún er Holt og Myllulækur þar fyrir utan, vatni veitt úr Njörvadalsá." Nákvæm staðsetning myllunnar er óljós og líklega eru tóftir hennar löngu horfnar, ef ekki vegna rofs á bökkum Njörvadalsár þá vegna stríðsbróts í tengslum við Camp Minden 039 á þessu svæði. Myllulækurinn sést þó líklega ennþá að hluta, vel gróinn, á vesturbakka árinna. Bakki Njörvadalsár er á þessu svæði slétt, grasigróið flatlendi sem geymir fjöldan allan af braggagrunnum frá seinni heimstyrjöld sem teknir eru að brotna niður og berast burt með ánni. Einn langur skurður sem er að mestu 1-2 m breiður, <0,5-1 m djúpur og vel grasigróinn liggur úr Njörvadalsá í NV og aftur út í ána um 135 m SA. Skurðurinn er rofinn og/eða horfinn á bökkum árinna við báða enda vegna vatnsrofs. Ekki er ólíklegt að myllan hafi staðið við SA enda lækjarins því þar hefur vatnið sem veitt var úr ánni líklega náð upp nægilega miklum fallhraða til að geta snúið steinunum í myllunni. Þetta er þó óstaðfest. Skurðurinn hefur líklega verið endurnýttur að hluta þegar Minden reis og á meðan Fagrahlíð 038 var í ábúð um miðja 20. öld.



Mynd 24: *Leiðir Myllulækjar 037. Horft til suðausturs.*

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5

SM-141:038 *Fagrahlíð* hús býli 723039 512178

Fagrahlíð var heimili Gísla S. Benediktssonar milli 1946-1961 en húsið var áður eldhús/kokkhús hersins (sjá 039). Seinna þjónaði húsið sem hesthús og stendur enn 2022 þó það sé farið að láta nokkuð á sjá. Húsið sést á ljósmynd frá hernámsárunum í bókinni Fremsta víglína eftir Friðþór Eydal (1999). Samkvæmt Guðmundi M.H.Beck heimildamanni var hlýlegt að koma í heimsókn í Fögruhlíð. Húsið stendur á vesturbakka Njörvadalsár á grasigrónu flatlendi, fast austan við malarveg sem snýr NNV-SSA. Húsið er steinsteypt á einni hæð, um 8,5x8,5 m að flatarmáli og um 3 m hátt undir mæni. Gengið er inn að sunnan og undir vesturvegg er lítill, 2 m hár skúr klæddur bárujárni sem líklega hefur verið bætt við eftir stríð. Steypan er nokkuð gróf, líklega úr ármöl, og er byrjuð að grotna niður. Vatnsból Fögruhlíðar var við rætur Holtsins um 113 m VNV við hús. Enn sjást óljós ummerki á yfirborði um skurðinn sem grafinn var fyrir vatnsleiðslum. Þetta vatnsból hefur ekki verið gott. Einnig er hugsanlegt að frárennslisskurður hafi verið grafinn frá eldhúsinu til austurs út í Njörvadalsá (sjá ljósmynd). Gísl endurnýtti einnig bárujárnsbragga frá stríðsárunum um 150 m SSV við Fögruhlíð



Mynd 25: *Fagrahlíð 038 var endurnýtt eldhús/kokkhús hersins 039_01. Horft til NNA.*

sem fjárhús og hlöðu 038b. Einn hluti braggans stendur enn, en lítið annað er eftir nema steinsteyptir grunnar. Nýbýlið Fagrahlið telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetusögu svæðisins og endurnýtingu heimamanna á herminjum eftir seinni heimstyrjöld og fær því að fljóta með.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar/nýtingar


Heimildir: Helgi Seljan, 1994; Friðþór Eydal, 1999, bls. 71

SM-141:039 *Camp Minden/Wakefield* mannvirki 722923 512265

Reyðarfjörður var hernuminn sumarið 1940. Wakefield, eða Camp Minden, voru aðalbækistöðvar hersins í landi Seljateigs á vesturbakka Njörvadalsár um 380 m austan við bæ 001 og um 200 m norðan við núverandi þjóðveg inn í þorpið. Aðal minjasvæðið er dropalaga, um 350x210 m að flatarmáli og snýr N-S meðfram ánni. Bakki Njörvadalsár er á þessu svæði sléttlendur og vel grasigróinn en áin er byrjuð að naga nokkuð af mannvirkjum á vestanverðu svæðinu. Bakkin var á stríðsárunum ekkert annað en bláir aurar, en tók að gróa upp um og eftir 1980 þegar Fagrahlið 038 varð að hesthúsi. Á árbakkanum voru tugir bárujárnsbragga á steinsteyptum grunnum. Hægt er að sjá enn ummerki um marga steinsteypta grunna, lága veggi og undirstöður hér og þar, en líklega hafa verið a.m.k. 30-35 braggar og hús (sjá einnig 038) á svæðinu (myndir 27 og 28). Þar sem veggir hafa varðveist eru þeir um 1,5-3 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Ekki er ljóst hver nákvæmur tilgangur bragganna hefur verið. Þó er ekki útilokað að torfi og grjóti hafi verið hlaðið meðfram sumum bröggum til að auka einangrun og hægt væri að leiða líkur að því að a.m.k. 5 braggar um 55 m suðaustan við eldhúsið/kokkhúsið 039_01 (sjá einnig Fögruhlið 038) hafi verið íbúðarbraggar. Grunnarnir liggja að mestu gróflega norður-suður og austur-vestur en þó eru einnig örfáir sem liggja skáhallt, en flestir eru smátt og smátt að hverfa í gras. Mest áberandi grunnur 039_10 á svæðinu (sjá mynd 24 og 26) er í suðausturbrún Holtisins í 3-4 m hæð yfir svæðinu um 145 m NV við eldhúsið 039_01. Mannvirkið hefur verið grafið ofan í brúnina og er það um 11 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr NNV-SSA. Veggir þess eru miklir grjót og torfveggir, 2-3,5 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Mjög líklegt er að það sé steinsteypt í grunninn. Innanmál þess er um 2,5x5,5 m og hugsanlega hefur það verið tvískipt. Stórt málmrör stendur enn uppúr gólfinu um 1,5 m norðan við suðurenda. Rörið stendur 1-1,5 m hátt og er um 9 cm í þvermál og 1-3 cm þykkt. Hér á að hafa verið loftvarnarbyssustæði. Mannvirkið er vel grasigróið. Aðeins þrjár bárujárnsbraggar standa enn (sjá mynd 26; 039_08, _19 og _21) og er einn í góðu ástandi og vel haldið við af Vegagerðinni sem vörulager (30x11 m að flatarmáli). Hinir tveir eru að grotna niður, en báðir voru notaðir sem útihús á 20. öld. Annar er nyrst á svæðinu um 80 m NNV við eldhúsið og var þessi braggi (18x7 m að flatarmáli) lengi í eigu Fóðurbirgðafélags Reyðarfjarðarhrepps og m.a. nýttur sem hlaða af Þorsteini Jónssyni kaupfélagsstjóra eftir stríð og frá Kollaleiru SM-140 um og eftir miðjan seinni hluta 20. aldar. Sá þriðji er minnstur (um 9x8 m) og var hann nýttur frá Fögruhlið 038 sem útihús eða hlaða (sjá 038). Yfirbyggingar þessara bragga voru fluttar vítt og breytt um sveitir eftir hernámið og endurnýttar sem útihús og byggingarefni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Friðþór Eydal, 1999, bls. 60 og 71; Guðmundur Magnússon 2003, bls. 245; Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, bls. 161.



Mynd 26: Mest áberandi töft í Camp Minden, 039_10. Talið er að hér hafi verið loftvarnarbyssustæði. Horft er til SSV.


SM-141:040 heimild um rétt 723081 512101

Í örnefnaskrá segir: "Lögrétt var út undir Njörvadalsá og tók 1800 fjár. Þessa rétt rifu Bretar á hernámssárunum." Nákvæm staðsetning réttar er óþekkt. Ekkert sést til hennar þar sem svæðið er grasigróið flatlendi undirlagt steinsteyptum grunnum og tóftum (sjá 039) frá hernámssárunum seinni heimstyrjaldar.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 5



Mynd 27: Vesturbakki Njörvadalsár þar sem Camp Minden SM-141:039 og seinna Fagrablöð SM-141:038 voru staðsett. Gamla eldhús hersins 039_01 stendur enn. Horft er til suðasturs. Fyrir miðri mynd sést í þak bragga 039_08 og lengst til hægri er braggi 039_19.



Mynd 28: Camp Minden á vesturbakka Njörvadalsár. Rauði kassi er steinstept eldhús 039_01/Fagrahlíð 038_01 undir bárujárnspaki. Brúnaudir kassar eru uppistandandi braggar. Gráir kassar eru steinsteptir grunnar og undirstöður bragga. Græn og skástrikuð svæði eru grjót- og torfbláðnir veggir og ljósgrúi flöturinn er gamall malarlóði í gegnum svæðið. Grunnar eru ójósir á eldri loftmynd svo ekki er víst að allir grunnar séu í réttri stærð eða lögum og staðsetning þeirra er gróflega metin. Á ljósmynd að ofan sést eldhúsið til hægri með áföstu húsi sem virðist vera braggi með torfbaki til suðurs. Steinsteptur grunnur hans sést greinilega enn. Ekki er útilokað að fleiri brögnum hafi verið bætt við eftir að efri ljósmynd er tekin. Ljósmynd eftir Lt Taylor maí 1941, fengin af ivm.org.uk, ©IWM H 9593.

SM-141:041 mannvirki flugvöllur 722756 511677

Í skrá ISAVIA um flugvelli og landingarstaði eftir Arnþór Gunnarsson segir: „Reyðarfjörður – BIRF. Árið 1957 var gerður sjúkraflugvöllur á mel við botn Reyðarfjarðar. Ein flugbraut: A/V, 450 x 30 m. Var brautin lengd í 570 m á sjöunda áratugnum. Flugvellinum var lokað í júlí 1976 og hann lagður niður í apríl 1981. Eftir því sem næst verður komist var flugvöllurinn aldrei notaður til áætunarflugs enda áttu Reyðfirðingar tiltölulega auðvelt með að nýta sér flugsamgöngur á Egilsstöðum“ Leifar flugvallarins eru á malareyrum sunnan Geithúsaár um 565 m sunnan við bæ 001. Árbakki Geithúsaár er á þessu svæði flatlendur og illa gróinn. Flugvöllurinn er um 600 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr ANA-VSV. Talað er um í dagbókum frá hernámsárunum að bandarískar flugvélar hafi t.d. lent á Nesinu (Guðmundur Magnússon 2003, bls. 242) en líklega var enginn sérstakur flugvöllur til landinga var byggður í Reyðarfirði á þessum árum. Flestar flugvélar sem gerðar voru út úr firðinum á stríðsárunum voru Northrop flugbátar Norðmanna (Páll Baldvin Pálsson 2015, bls. 343 og 417; Þór Whitehead 2002, 210). Flugvöllurinn er ekki lengur í reglulegri notkun og er skemmdur vegna flóða úr Sléttu- og Geithúsaám. Þessi staður telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetusögu svæðisins og íslenska flugsögu og fær því að fljóta með.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Guðmundur Magnússon 2003, bls. 242; Arnþór Gunnarsson 2018, bls. 470; Páll Baldvin Pálsson 2015, bls. 343 og 417; Þór Whitehead 2002, 210

SM-141:042 *Hryggisel* heimild um sel 718981 512436

Í örnefnaskrá segir um örnefni í mynni Fagradals: "Þá er Hryggisel, dæld og hryggur; þar eru tættur." Hryggurinn er há, grasi- og lyngigróin malaröxl suðvestan undir Grænafell í mynni Fagradals um 3,5 km vestan við bæ 001. Nákvæm staðsetning selsins er óljós en líklegt er að það sé horfið undir Fagradalsveg. Ekkert sést til minja á þessu svæði.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2

SM-141:043 *Hryggelslág* heimild um 719056 512004

Varnarmannvirki í Hryggelslág, "Skyldi einn liðsflokkur undirfylkisins [C] búast til varnar við veginn í Hryggelslág rétt innan við Grænafell". Eðli og staðsetning þessa mannvirkis eru óljós. Ekkert sést til minja á þessu svæði.

Heimildir: Friðþór Eydal 1999, bls. 60



Mynd 29: Flugvöllur 041. Flugvöllurinn var byggður 1957 og talið er að Ómar Ragnarsson hafi verið ein af síðustu manneskjnum sem lent hefur á þessum velli. Horft er til vesturs.



Mynd 30: Hryggelslágssvæðið er til vinstri þar sem horft er til SSV og Hryggelslág til hægri, horft í suðausturs.

SM-141:044 *Réttarbalur* örnefni rétt 720000 511686

Í Sýslu- og sóknalýsingum 1843 segir að fé sé ekki rekið í réttir heldur dregið í sundur heima. Í örnefnaskrá segir: "Næst [Hrafnakambi] er Fellseyri neðan við brekkur, þá Flatasteinsbotn, þá Réttarbalur út af botninum. Þá er Skógarhöfðar efri og neðri." Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar við örnefnaskrá Seljateigs segir einnig: „Grasivaxnir balar undir

Grænafelli og þar neðan akvegjarins heita Réttarbalur, því þar var einu sinni rétt, og líklega réttað þar áður fyrri, er Héraðsmenn, Skriðdælir, komu með fjárrekstra ofan yfir Þórdalsheiði, [...] Neðan við Réttarbalana er Fellseyri og Tjaldeyri og liggja þessar eyrar að Fagradalsánni. Í Tjaldeyri var tjaldað, er réttir fóru fram“. Nákvæm staðsetning rétta á Réttarbala er óljós en balinn er líklega um 2,5 km vestan við bæ 001 sunnan og/eða undir núverandi þjóðveg upp á Fagradal. Ekkert sést til minja á þessu svæði.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2; Hallgrímur Jónsson 1843, bls. 380; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 3-4

SM-141:045 *Biskupshlaup* heimild um áfangastað

Í örnefnaskrá segir: "Á Fagradal niður af Sléttadalsvarpi eru Varpsmýrar og Varpslækur fyrir utan mýrarnar. Þá er Biskupshlaup. Þar tjaldaði Guðmundur góði á leið til að vígja Skrúðinn. Varð hann andvaka og vakti sveina sína og færði tjöldin, áður en hlaupið hlypi. Önnur sögn, að Brynjúlfur biskup hafi fótbrotnað í hlaupinu á visitazíuferð. Var hann fluttur út að Berunesi." Áfangastaðurinn við Biskupshlaup var ekki skráður sumarið 2022.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2

SM-141:046 *Glaumbær* heimild um sæluhús

Í örnefnaskrá segir: "Glaumbæjarrústir eru við vatnaskilin [á Fagradal]. Kofinn var byggður, er verið var að byggja Lagarfjóltsbrúna." Tóftir Glaumbæjar eru líklega á Fagradal á landamerkjum í norðvestri. Glaumbær var ekki skráður að svo stöddu. Óljóst er hvort mannvirkið var innan landamerkja Seljateigs eða hvor um lagalega fornleif er að ræða.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 1

SM-141:047 *Varða* varða samgöngubót 722565 512593

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir ofan bæ er klettur og heitir Varða. Út af henni heitir fyrir ofan bæ, hallar svo inn af og út af./Lágabrún [svo]." Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar segir einnig: „Út af Kúabotnum er svo nefnd Varða, þar sem gatan lá upp í Sellönd.“ Varða stendur á blábrún kletthjalla fyrir miðri fjallshlíð fast austan og utan við Kúabotna um 380 m NNA við bæ 001 og um 430 m vestan við Njörvadalsá. Kletthjallinn er lítt gróinn en birkikjarr er smátt og smátt að dreifa úr sér í grasi- og lyngigróinni fjallshlíðinni á þessu svæði. Varðan er gróflega grjóthlaðin með frekar litlu grjóti, um 1 m í grunnflatarmál, um 0,2-0,5 m á hæð og má sjá 4-5 umför af hleðslum. Varðan þjónaði sem kennileiti, t.d. við smölun. Ekki sjást greinileg ummerki um götu á svæðinu.



Mynd 31: *Varða 047, horft til vesturs.*


Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 4; Ö-Seljateigur viðb. BGE, 4

SM-141:048 tóft óþekkt 722884 512177

Ofan í suðausturbrún Holtsins hefur verið grafin tóft, um 150 m vestan við Fögruhlíð 038 og um 380 m ASA við bæ 001. Holtið er á þessu svæði vel grasi og mosagróið þýfi og nokkuð deigt er við rætur þess. Búið er að gróðursetja barrtré ofan í tóftina og niður á láglandi, hugsanlega til að berjast gegn jarðvegsrofi. Tóftin er um 10 m á lengd, um 7,5 m á breidd og snýr NV-SA. Tóftin er um 2 m djúp með innanmál um 1,5x2 m og hægt er að ganga inn að SA. Útgangur er aðeins um 0,2-0,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Umhverfis tóftina eru lágir 0,2-0,5 m háir og 1,5-2 m breiðir veggir að utan. Hugsanlegt er að hér hafi verið grafið ofan í brúnina til að finna vatn og tóftin sé leifar af brunnhúsi, eða hugsanleg geymsla.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Mynd 32: *Niðurgrafin tóft 48, horft til SSV.*

SM-141:049 mannvirki þvottahús/rétt 722885 512025

Um 430 m suðaustan við bæ 001 og um 220 m vestan við Njörvadalsá er steinsteyptur húsgrunnur sem þjónaði lengi sem rétt fyrir Seljateig og hjáleigu eftir seinni heimstyrjöld. Upphaflega átti grunnurinn að verða þvottahús fyrir herbúðirnar við Njörvadalsá en var aldrei nýttur sem slíkur. Réttin stendur á grasigrönu flatlendi fast suðaustan undir Holtinu. Grunnurinn er um 30 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr NA-SV. Veggir eru 1-1,5 m á hæð, breidd þeirra er aðeins um 30 cm og standa þeir ennþá nokkuð óskemmdir. Hægt er að ganga inn í réttina á báðum endum um op sem eru 1,5 m á breidd, sem og á tveim stöðum að norðvestan um 2,3 m breið op.

Hættumat: engin hætta



Mynd 33: Áætlaður þvottahúsgrunnur 049 sem aldrei var nýttur sem annað en fjárrétt, horft til NNA.

SM-141:050 heimild um leið

Samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingum lá hestfær vegur frá Seljateigi til Héraðs um Fagradal. "Þegar kemur ofan af dalnum mætist þessi vegur og Eskjuþjórðarheiðarvegurinn" (Hallgrímur Jónsson 1843, bls. 382). Ekkert sést til þessa vegar. Líklegast er að þessi leið hafi legið á svipuðum stað og gamli vegurinn inn fjörðinn undir hlíðinni inn í Fagradal.

Heimild: Hallgrímur Jónsson 1843, bls. 382.

SM-141:051 Fjólubláðarklettur heimild óþekkt.

Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar við örnefnaskrá Seljateigs segir: „Niður af Vörðunni [047] er Grýluklettur (lítill klettur) neðst í Hálsinum. Inn af honum er annar lítill klettur, er nefnist Fjólubláðarklettur, sér þar uppi enn leifar mannvirkja, er munu vera frá síðari öldum“. Upplýsingar fundust um þennan minjastað eftir að skráningu á vettvangi lauk. Hún var því ekki skráð sumarið 2022.

Hættumat: stórhætta vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur viðb. BGE, 2

4.2. SM-142 Seljateigshjáleiga

Sögulegar heimildir

Jarðatal Johnsen 1847: Seljateigur metinn á 9 hndr, 1 eigandi, hjáleigan 4 hndr af því (bls. 375). Ekki skráð í jarðamati íslenskra jarða í lok 17. aldar (Björn Lárusson 1967, bls. 324). Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum svo vitað sé í manntali 1840 (Manntalsvefur ÞÍ, 2022). Sýslu- og sóknalýsingar Múlasýslu: Seljateigshjáleiga, 3 hndr., bóndaeign; hjáleigan er nýbyggð í Seljateigstúni og hefir sömu kosti eftir tiltölu og heimajörðin. Hallgrímur Jónsson, 1843, bls. 379. Hallgrímur telur Seljateigshjáleigu sem nýbýli en segir þó "sem er þó að álíta eins og tvíbýli". (bls. 382).

SM-142:001 *Seljateigshjáleiga* bæjarhóll býli 722300 512184

Árið 1843 er Seljateigshjáleiga talin nýbýli í Seljateigstúni, en landið er óskipt. Samkvæmt bókinni Sveitir og jarðir í Múlaþingi fer Seljateigshjáleiga í eyði 1968, ennþá löglega óskipt. Í Fasteignamati 1916-1918 segir um hjáleiguna: "184. Seljateigshjáleiga. Jarðarhús: Íbúðarhús 16x6 [álnir], skúr 4x8, fjós yfir 3 nautgripi [002], hesthús yfir 2 hross [006], 3 hlöður taka 150 hesta [007], fjárhús yfir 80 kindur [008]." Á túnakorti frá 1919 (myndir 5 og 6) virðast vera þrjú samföst hús á bæjarhól [001] ásamt þremur matjurtargörðum [003-005], tveimur við bæinn og sá þriðji ofar í túni. Engin önnur hús eru teiknuð í túni svo útihúsin sem nefnd eru í fasteignamati eru annað hvort á bæjarhól eða utan túns. Á bæjarhól 2022 stendur ennþá timburhús sem þó var ekki reist fyrr en 1928 svo líklegt verður teljast að húsin 1919 séu líklega að mestu úr torfi og grjóti og að a.m.k. fjós, skúr og hugsanlega hesthús hafi staðið saman í bæjarþyrpingunni. Mjög líklegt er einnig að ein eða fleiri hlöður hafi verið áfastar útihúsunum. Samkvæmt Sigurbirni Marinóssyni heimildamanni var grjót og torfhlaðin smíðja áður fast vestan við timburhúsið og 20. aldar fjós fyrir 4 kýr norðaustan við það, svo það er hugsanlegt að gömlu torfhúsin hafi að hluta verið endurnýtt áfram eftir að timburhúsið er byggt austan við þau. Bæjarhóllinn hefur að mestu verið sléttaður og er vel grasgróinn en þó sjást líklegar útlínur garðs [003] sunnan við íbúðarhúsið. Hóllinn er lítill um sig, um 60x45 m að flatarmáli, 1-2 m á hæð og snýr grófluga A-V. Ekkert sést til fornleifa. Timburhúsið er nokkuð niðurnítt, en er þó ennþá undir bárujárnsþaki. Húsið er á þremur hæðum með kjallara, jarðhæð og ris. Brattar, steinsteyptar tröppur eru upp í bislag að austan en þær eru að morkna og er steinsteyptur grunnur hússins í innanverðum kjallaranum tekinn að falla saman.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hallgrímur Jónsson, 1843, bls. 379; Sveitir og jarðir, 1995, 510-511; Fasteignamat 1916-1918, Yfirmat. Seljateigshjáleiga, bls 83-84; Túnakort 1919



Mynd 34: Horft til VNV. Timburhúsið í Seljateigshjáleigu byggt 1928 og útlínur garðs 003 neðan við húsið. Líklegt er að útlínur og staðsetning garðsins hafi breyst örlítið þegar timburhúsið er byggt.

SM-142:002 heimild um fjós

Í fasteignamati Seljateigshjáleigu frá 1916-1918 er skráð fjós yfir 3 nautgripi. Samkvæmt Sigurbirni Marinóssyni heimildamanni var 20. aldar fjós fyrir fjórar kýr úr timbri og bárujárn norðaustan við gamla íbúðarhúsið (1928) en ekki er líklegt að það hafi staðið á sama stað og fjósið sem nefnt er í fasteignamati. Bæjarhóll er grasigróinn og sléttaður vestan og norðan við standandi timburhús. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigshjáleiga, bls. 83-84; Túnakort 1919

SM-142:003 gerði kálgarður 722311 512174

Kálgarðarnir þrír sem merktir eru á túnakorti í Seljateigshjáleigu árið 1919 (myndir 5 og 6) hafa líklega verið um 350 m² að flatarmáli samtals. Kálarður 003 var um 3 m sunnan við bæjarhús 001, snéri VSV-ANA og hefur hann verið um 20-23 x10 m að flatarmáli. Á þessum stað sjást ennþá óljósar og vel grasigrónar leifar gerðis sem hallar örlítið til suðurs og eru nokkur tré uppstandandi í vesturenda þess. Mjög líklegt er að garðlag hafi verið umhverfis kálgarðinn sem virðist hafa gróflaga mælst 30x15 m að flatarmáli þegar hann var yfirgefinn. Mjög líklegt er að garðurinn hafi breyst og stækkað frá því formi sem hann var á túnakorti 1919. Garðlag er aðeins vel greinanlegt enn í suðurhluta garðs og mest áberandi í suðausturhorni þar sem brúnin er um 0,5 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Óljóst er hvort það hefur verið hlaðið með með torfi eða bæði torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SM-142:004 heimild um kálgarð 722317 512194

Kálgarðarnir þrír 003-005 sem merktir voru á túnakorti í Seljateigshjáleigu árið 1919 hafa líklega verið um 350 m² að flatarmáli samtals (myndir 5 og 6). Garður 004 var um 3 m austan við bæjarhús 001, snéri N-S og hefur hann verið um 10x7 m að flatarmáli. Á þessu svæði er sléttaður, grasigróinn bæjarhóll norðaustan við standandi íbúðarhús (1928). Ekkert sést til fornleifa. Þessi garður hefur líklega verið eyðilagður þegar fjós var byggt norðaustan við íbúðarhúsið á 20. öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

SM-142:005 heimild um kálgarð 722244 512279

Kálgarðarnir þrír 003-005 sem merktir eru á túnakorti í Seljateigshjáleigu árið 1919 hafa líklega verið um 350 m² að flatarmáli samtals (myndir 5 og 6). Garður 005 var um 110 m norðvestan við bæjarhús 001, snéri N-S og hefur hann verið um 10x7 m að flatarmáli. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar lítt til suðurs. Ekkert sést til fornleifa í túni í dag en þó má hugsanlega greina óljósar útlínur garðsins á loftmynd. Ekki er vitað hvort garðlag hafi verið í kringum garðinn.

Heimildir: Túnakort 1919

SM-142:006 *Hesthústún* heimild um hesthús

Í fasteignamati Seljateigshjáleigu frá 1916-1918 er skráð hesthús yfir tvö hross. Hesthústún heitir túnið í brekkunni NNA við bæjarhól 001 næst Hringhústúni Seljateigs (mynd 5). Engin útihús önnur en þau á bæjarhól eru merkt á túnakorti frá 1919 svo nákvæm staðsetning hesthússins er óljós. Hugsanlegt að húsin hafi staðið einhversstaðar í brekkunni ofan og norðan við bæjarlæk (sjá 009), eða á svipuðum stað og 20. aldar útihúsin á flatanum sunnan við bæjarlæk 120 m VNV við bæjarhól 001. Enn sjást þar undirstöður yngstu útihúsanna (um 20x15 m að flatarmáli) sem byggð voru úr timbri og bárujárn á 20. öld. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigshjáleiga, bls. 83-84; Túnakort 1919

SM-142:007 heimild um hlöðu

Í fasteignamati Seljateigshjáleigu frá 1916-1918 eru skráðar þrjár hlöður sem taka 150 hesta. Mjög líklegt er að þessar hlöður hafi verið áfastar öðrum peningahúsum (sjá fjós 002, hesthús 006 og fjárhús 008 og 011) en nákvæm staðsetning er óljós. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigshjáleiga, bls. 83-84; Túnakort 1919

SM-142:008 heimild um fjárhús

Í fasteignamati Seljateigshjáleigu frá 1916-1918 eru skráð fjárhús yfir 80 kindur. Eins og áður segir eru engin útihús skráð á túnakorti 1919 annarsstaðar en á bæjarhól 001 svo nákvæm staðsetning þeirra er óljós. Hugsanlegar staðsetningar gætu verið hinar sömu og í lýsingu 006. Einnig er hugsanlegt að um sé að ræða útihúsatóffina 011 sem skráð er í Króksgili. Líklegast er þó að verið sé að tala um beitarhúsin á Puntbala 028 sem byggð voru fyrst í lok 19. aldar, en það er óstaðfest. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, Seljateigshjáleiga, bls. 83-84; Túnakort 1919

SM-142:009 *Miðbarð* heimild um útihús

Í örnefnaskrá segir: "Í Miðbarði kom bóndi niður á stóra og vel hlaðna tótt, langa og mjóa." Mjög líklegt er að bóndi

hafi verið að hreinsa grjótt úr túni og að þessar minjar séu horfnar af yfirborði, ef ekki alveg. Nákvæm staðsetning og hlutverk þessarar tóftar eru óþekkt en samkvæmt Þóroddi Helgasyni heimildamanni er Miðbarð í túnbrekkunni norðan og ofan við bæjarhól 001 (mynd 5). Líklegt er að um útihúsgrunn hafi verið að ræða (sjá 006 og 008) en þó er ekki útilokað að þetta hafi verið leifar garðs [005]. Á svæðinu er sléttað tún í aflíðandi halla til suðurs. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Seljateigur, 3

SM-142:010 frásögn 722136 512170


Samkvæmt Sigurbirni Marinóssyni heimildamanni var reykkofti úr timbri og bárujárnri um 160 m vestan við íbúðarhús (1928) fast neðan við veginn sem nú snýr til austurs heim að bæ. Á þessum stað er sléttað graslendi. Ekkert sést til fornleifa en eitt tré stendur til marks um staðsetninguna.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar.

SM-142:011 tóft útihús 721929 511981

Tvískipt tóft er í mynna Króksgils í Króknum austanverðum um 420 m suðvestan við bæjarhól 001, fast vestan við nafnlausu lækjarsprænu sem liggur niður Króksgilið og út í skurð í Króksflóa fast norðan við minjasvæði 013 í Blánni. Útihús þetta var í notkun fyrir minni heimildamanna Þóroddar Helgasonar og Sigurbjörns Marinóssonar svo nákvæmt hlutverk er óljóst. Mynni gilsins er hér mjög grasgróið og búið er að planta barrtrjám meðfram grasigónum hlíðum Króksins. Tóftin er um 15 m á lengd, um 9,5 m á breidd og snýr ANA-VSV. Veggir eru líklega hlaðnir úr torfi og grjóti þó ekki sjáist mikið í hleðslugrjótt vegna gróðurs. Hólf A er vestar, er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggir í hólfu eru 1,5-2 m á hæð og hugsanlega gæti hafa verið gengið inn að sunnan, en innangangur er þá fallinn saman. Hólf B er stærra og gæti hafa verið rétt eða hlaða byggð úr timbri og bárujárnri. Hólfid er um 9x4,5 m að innanmáli, snýr ANA-VSV og botn þess er sléttur og grasgróinn. Austurveggur er enginn eða hann er horfinn í lækinn. Að sunnan er aðeins 0,2-0,5 m hár bakki. Norðurveggur er þó stæðilegur, 1-1,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Tré eru gróðursett þétt uppvið og í öllum norðurvegg tóftar. Hugsanlega gæti hafa verið hér fjárhús og hlaða eða stekkur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar.




Mynd 35: Útihús 011 í Króknum, horft til norðausturs.

SM-142:012 tóft heystæði 722198 511920

Lítið heystæði er í Blánni um 280 m suðvestan við bæjarhól 001. Bláin er deig, vel grasi- og mósagróin og víði og birkihríslur eru á víð og dreif um mýrina. Tóftin er torfhlaðin, um 12x8 m að flatarmáli og snýr A-V. Innanmál er 7x3 m en ekki er greinilega opið inn í hólfid. Veggir stæðisins eru 2-3 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og hleðslur signar.

Hættumat: engin hætta



Mynd 36: Vel grasgróið heystæði 142:012 í Blánni, horft til ANA.

SM-142:013 Grund heimild bústaður? útihús? 722003 511926

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir framan og neðan tún er Grund. Króksgil heitir fyrir framan Grundina og Króksflói í Blánni. Þar eru miklar tættur." Tóftasvæði þetta er undir sverði um 350 m suðvestan við bæjarhól 001 og um 65 m suðaustan við útihústóft 011 í Króknum. Á þessu svæði er túnið Grund sem sléttað hefur verið eftir um 1970, fast austan við malarveg upp á bæjarhól. Ekkert sést til minja á yfirborði en á loftmynd Loftmynda ehf frá 1996 sjást útlínur hugsanlegra mannvirkja sem liggja gróflega norður-suður. Minjarnar eru á svæði sem er a.m.k. um 85 m langt austur-vestur og um 50 m á lengd norður-suður. Eitt mannvirkid er meira áberandi lengra en hin eða a.m.k. um 50 m á lengd, um 20 m á breidd um miðju, en 15 m í báða enda. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða eldra bæjarstæði eða býli frá Seljateigi, eða fleiri braggagrunna frá seinni heimstyrjöld. Ekki hafa fundist neinar sögulegar heimildir um slíkar byggingar á þessu svæði.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 3; Loftmyndir ehf, 1996 og 2022.



Mynd 37: Hinar miklu tættur 142:013 í Grundartúninu.

SM-142:014 frásögn rétt 721926 511885

Samkvæmt Þóroddi Helgasyni heimildamanni var tímurrétt frá Seljateigshjáleigu um og eftir miðja 20. öld á grasbala sunnan við Krókinn, fast vestan við malarveg heim að bæ, um 450 m suðvestan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er barrskógur. Ekkert sést til fornleifa. Réttin var tímurrétt sem gæti hafa haft einhverjar undirstöður, líklega möl. Réttin hefur líklega aðeins verið nýtt á 20. öld eftir seinni heimstyrjöld. Þessi staður telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetusögu svæðisins og fær því að fljóta með.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

SM-142:015 heimild um beitarhús

Í aðsendu bréfi í Norðanfara dagsett 17. mars 1881 er sagt frá smaldreng í Seljateigshjáleigu sem sendur var út til að hleypa út úr beitarhúsi rétt innan við bæinn, líklega vestan Geithúsaár. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Mjög líklegt er að hér sé um að ræða beitarhúsin á Puntbala [028] eða Efri Skógarhöfða [029].

Heimildir: Norðanfari 1881, bls. 63.

SM-142:016 náma mógrafir 721868 511913
Mógrafir eru fast neðan við mel rétt úti fyrir vesturmynni Króksins um 80 m suðvestan við útihústöft 011 og um 500 m suðvestan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er deigt þýfi og umhverfis svæðið er búið að gróðursetja barrtré til austurs og suðvesturs, og nokkuð er um víðihríslur hér og þar. Svæðið er um 25x22 m að flatarmáli og hafa grafirnar oft verið um 2-3x2-3 m að flatarmáli. Dýpt þeirra er 0,5-1,5 m og eru þær djúpri fullar af vatni. Reynt hefur verið að leiða vatn úr gröfunum til SSA í átt að vegi um tvo mjóa niðurgrafna skurði sem eru <0,5 m breiðir og djúpir en það hefur ekki gengið sem skyldi. Þessar grafir gætu reynst hættulegar búpeningi.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar




Mynd 38: Hluti mógrafa 016, borft til vesturs.

SM-142:017 tóft stekkur 721850 512123

Tvískipt tóft er í suðvesturjæðri mógrafa 018 um 450 m vestan við bæjarhól 001, fast austan við litla lækjarsprænu sem rennur til suðurs niður í Króksgil. Á þessu svæði er þýft mólendi vel gróið. Tóftin er tvískipt, um 15 m á lengd, um 7,5 m á breidd og snýr NNV-SSA. Hólf A er greinileg tóft, um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr ANA-VSV. Gengið hefur verið inn að vestanverðu. Innanmál er 4x2 m. Fast norðan við tóftina hefur líklega verið lítið aðhald eða gerði B. Greinilegar útlínur þess eru til austurs og norðurs en ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur að vestan. Veggir eru torfhláðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Fjarlægð frá bæ og lögun tóftar gefa til kynna að hér hafi verið stekkur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Mynd 39: Stekkur 017, borft til norðausturs.

SM-142:018 náma mógrafir 721699 512130

Norðan og ofan við Stóramel eru umfangsmiklar mógrafir um 450 m vestan við bæjarhól 001. Á svæðinu eru a.m.k. fjórar niðurgrafnar mógrafabreiður. Fast norðan Stóramels er lækjarspræna í grasigrónu mólendi og þýfi sem rennur til ASA og niður í Króka. Í þennan læk liggja margir minni lækjarfarvegir úr norðri ofan úr fjalli en lækir þessir eru líklega helst til staðar í leysingum og rigningum. Vegna þetta berglaga er frárennsli vatns mikið á yfirborði og því eru víðáttumiklar mýrar á höllum og flákum við fjallsrætur ofan byggðar á þessu svæði t.d. ofan Seljateigsjarða og Kollaleiru. Úr bökkum þessa lækja og svæðinu milli þeirra hefur verið tekið mikið af mó og sverði. Innan 200x200 m svæðis má sjá á a.m.k. fjórum stöðum 018_01 og _04-07 greinileg ummerki um niðurgroft og hafa grafir oft verið 2-3x2-3 m að utanmáli. Svæðin eru um 15-35 x 20-50 m að flatarmáli. Þessar grafir sjást vel á loftmynd (mynd 40). Grafirnar eru 0,5-2 m djúpar, vel grónar og margar nokkuð deigar. Norðaustarlega á svæðinu eru einnig djúp uppþornuð rofabörð sem hafa nokkuð reglulegar útlínur. Mjög líklegt er að gröftur eftir efni hafi valdið jarðvegseyðingu á þessu svæði. Grafirnar gætu reynst hættulegar búpeningi. Í vesturenda svæðisins í miðri grafabreiðu eru tveir torfhláðnir hraukar 018_02 og _03, vel grasigrónir. Hraukarnir eru 7-9 m á lengd, um 6-7 m á breidd og 1-2 m á hæð. Aðeins 7,5 m eru á milli þeirra og báðir liggja A-V í línu N-S. Nyrðri hraukur er hærri en sá syðri, og innan hans er eins konar innanmál 2x2 m. Líklega er hér um að ræða upphleðslur á yfirborðstorfi svæðisins eða yfirgefnir mó- eða svarðarhraukar sem gróið hefur yfir.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar




Mynd 40: Mógrafir 018. Á svæðinu eru að minnsta kosti fjórir staðir þar sem skorið hefur verið torf og/ eða mór. Hugsanlega ummerki um kassalaga rofaböð vegna efnistöku eru einnig í efra hægra horni. Tveir torfbrankar 018_02 og 03 eru innan vestustu grafabreidunnar. Loftmynd er í eigu Loftmynda ehf.


SM-142:019 tóft óþekkt 721665 512137

Einföld tóft er fast norðan við Stóramel en sunnan mógrafa 018 um 620 m vestan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er grasigróið þýfi. Tóftin er torfhlaðin, um 8x5 m að utanmáli og snýr VNV-ASA. Innanmál hennar er um 4,5x2,5 m. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Veggir eru 1-1,5 m á breidd og um 0,2-0,5 m á hæð. Hugsanlega er hér um mókofa eða heystæði að ræða, eða þurrkstæði fyrir móhrauk.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Mynd 41: Hugsanlegur beygardur 019 fast norðan og ofan við Stóramel, borft til ANA.



Mynd 42: Norðanverður hluti Ali Baba herbúðanna á austurbakka Geithúsaár, horft til vesturs á ljósmynd. Á loftmynd frá Loftmyndir ehf sem tekin var á 10. áratugnum má sjá hvernig tóftirnar hafa smátt og smátt horfið í ána. Bláa punktalínan er núverandi árbakki Geithúsaár.

SM-142:020 *Ali Baba's Camp, 274.* mannvirki bústaður 721531 512030

Í bókinni *Fremsta víglína* segir m.a.: "Stórskotaliðssveitirnar tvær á Reyðarfirði komu sér fyrir á tveimur stöðum innan við þorpið. Reistu liðsmenn 274. sveitar sér herbúðir, sem þeir nefndu Ali Baba's Camp, í giliinu við Geithúsaá skammt innan við Seljateigshjáleigu." Þessar búðir voru fast suðvestan undir Stóramel á austurbakka Geithúsaár, um 730 m VSV við bæjarhól 001. Árbakki Geithúsaár er grasigróinn og nokkuð sléttlendur undir og meðfram Stóramel. Ef marka má eldri loftmynd frá 1998 hefur áin nagað nokkuð mikið af grunnum búðanna til suðurs en þó sjást þær enn nokkuð vel á norðurhluta svæðisins. Grunnarnir eru á svæði sem er um 220 m á lengd, um 50 á breidd og snýr NNV-SSA meðfram ánni. Grunnarnir eru vel grasi- og lyngigrónar en veggir eru vel greinilegir. Þeir eru líklega hlaðnir úr torfi og grjóti en grunnar/gólf voru steipt og má vel sjá þau í bakkanum þar sem þau eru smátt og smátt að síga ofan í farveginn. Innanmál þeirra er almennt um 3-4x9-10 m fyrir utan syðsta varðveittasta grunn sem er aðeins um 6x3 m að innanmáli. Veggir eru almennt 0,5-1 m á hæð og 2-2,5 m á breidd í þeim grunnum sem hafa varðveist. Að minnsta kosti 21 mannvirki og/ eða braggar hafa verið byggðir á svæðinu og allir hafa þeir snúið norður-suður til NNA-SSV. Gengið hefur verið inn að sunnanverðu í þeim flestum. Aðeins sjást nú heilir grunnar átta þeirra á meðan a.m.k sex eru horfnir að mestu eða öllu, og norðurenda sjö þeirra má ennþá greina á brún árbakkans. Tilgangur og nýting húsanna er óljós. Uppi í miðri suðurhlíð Stóramels ofan við byggðina er kassalaga steinsteypur strompur 020_022, um 2x2 m að flatarmáli. Líklega eftsti hluti vatnstanks búðanna (Guðmundur Magnússon 2003, bls. 244). Samkvæmt Guðmundi Magnússyni (2003, bls. 245) voru hreiður fyrir 25 punda fallbyssur við Geithúsaá og í Kollaleirubörðum en ekki er ljóst hvar fallbyssuhreiðrið við Geithúsaá var staðsett.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir: Friðþór Eydal 1999, 62; Guðmundur Magnússon 2003, bls. 244.

SM-142:021 *Móatagl* tóftir stekkur 721424 511929

Í örnefnaskrá segir: "Melshorn heitir yzt í melnum og Móatagl út af því fyrir innan Geithúsaá. Þar voru gamlar stekkjartættur." Á Móatagli á vesturbakka Geithúsaár eru fjórar stórar tóftir króaðar af á milli kvísla árinna um 890 m VSV við bæjarhól 001. Tóftirnar standa á grasi- og lyngigrónum malareyrum árinna og eru í nokkurri hættu vegna flóða og landbrots. Tóftirnar 021_01-04 eru í langri röð á svæði sem er um 75 m á lengd, um 30 m á breidd og snýr NNV-SSA meðfram lítilli rein Geithúsaár til vesturs. Þær eru allar mjög svipaðar í útliti þegar kemur að uppsetningu, stærð veggja og gróðurfari. Tóft 21_01 er syðst og tóft 021_04 nyrst og allar eru þær nokkuð flatbotna. Um 3-4 m eru á milli þeirra og er gengið inni þær allar í norðausturhorni um 1 m breiðan inngang. Tóft 01 er þó einnig opin til suðurs af einhverjum ástæðum. Allar eru þær um 5-6x7-8 m að innanmáli þar sem langás snýr gróflega N-S, Í tóftum 01, 02 og 04 er svo minna hól sem stendur A-V, 0,5-1 m hærra innan í tóftinni, alltaf í norðvesturhorni. Gengið er inni þau að austan. Hólfín eru öll 3x1,5 m að innanmáli. Í tóft 02 er einnig lítið hól utan við aðalvegginn í suðvesturhorni. Hólfíð er grjóthlaðið, 1,5x2 m að innanmáli, um 0,5 m á dýpt ofan í jörðina og snýr NNV-SSA. Aðeins tóft 03 er ekki greinilega með innra hól eins og hinar tóftirnar þó það gæti vel verið að það sé aðeins fallið þannig saman að það sjáist ekki. Samkvæmt örnefnaskrá eiga að vera stekkjartættur á Móatagli en þessar tóftir eru mjög óvenjulegar og a.m.k. ekki hefðbundnir stekkir. Stekkir eru jú oft tvískiptir en mun minni í sniðum og sjaldan fleiri en einn á sama stað. Líklegt verður að teljast að allar tóftirnar hafi verið byggðar á svipuðum tíma og í svipuðum tilgangi þar sem þær eru svo líkar í útliti. Ekki er útilokað að stekkjartóft hafi verið á þessu svæði en herinn hafi endurnýtt og byggt upp þessar miklu tóftir á sama stað, en í hvaða tilgangi það ætti að hafa verið er óljóst.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Seljateigur, 3



Mynd 43: Tættur 021_01-04 á vesturbakka Geithúsaár. Sjá má tóft 021_04 á ljósmynd neðst til vinstri þar sem horft er til vesturs. Til hægri sjást allar tóftirnar. Staðið er á norðvesturborni tóftar 04 og horft til suðurs. Loftmynd í eigu Loftmyndir ehf. Teikningu af tóft SM-142:022 má sjá vestan árfarvegarins lengst til vinstri.

SM-142:022 tóft óþekkt 721390 511960

Á Móatagli á vesturbakka Geithúsaár er lítil tóft um 12 m vestan við tóft 021D og um 900 m VSV við bæjarhól 001 (myndir 43 og 44). Milli þústar og 021D er lítil kvísl Geithúsaár sem rennur til suðausturs en bakkinn er á þessu svæði minna rofinn og mun grasigrónni og þýfðari en umhverfis tóftir 021. Tóftin er bústin og torfhlaðin en lætur lítið yfir sér á yfirborði. Hún er um 4 m á lengd, um 3,5 m á breidd og snýr NNV-SSA samsíða árbakkanum. Innanmál hennar er 1,3x0,8 m og grafið um 0,5 m ofan í jörðina. Veggir hennar á yfirborði eru útflattir, um 1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hver tilgangur þessarar tóftar hefur verið en vel gæti verið hér um skotbyrgi eða skotgröf frá hernámsárunum að ræða.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Mynd 44: Tóft 022, borft til suðausturs.

SM-142:023 tóftir óþekkt 721368 511929

Tvær samhliða tóftir eru á vesturbakka Geithúsaár um 30 m suðvestan við tóft 022 og um 940 m VSV við bæ 001. Tóftirnar eru vestan við eina litla kvísl Geithúsaár sem rennur til suðausturs en bakkinn er á þessu svæði minna rofinn og mun grasigrónni og þýfðari en umhverfis tóftir 021. Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 15x9 m að flatarmáli og snýr VNV-ASA meðfram norðurbakka syðstu kvíslar Geithúsaár. Báðar eru líklega torfhlaðnar. Tóft 023_01 er stærri, um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Kvíslin hefur líklega nagað eitthvað sunnan af tóftinni svo hún gæti áður hafa verið um 9 m á lengd. Innanmál hennar er 5x2 m. Nyrst í tóftinni er 1-1,5 m djúp 1x1 m hola sem er ógróin að innan, en annars er tóftin flatbotna og grasigróin eins og aðrar tóftir. Veggir eru 1,2-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Tóft 023_02 er 6 m austan við 01. Tóft 02 er mjög lík tóft 022. Hún er bústin, um 4x4 m að flatarmáli og snýr N-S. Veggir eru 1-1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð. Innanmál hennar er 1,5x1 m og er hún einnig um 1 m djúp og ógróin að innan. Hlutverk og lag þessara tveggja tófta (þriggja er 022 er talin með) er óvenulegt að því leiti að í þeim eru þessi niðurgrofnu hólf. Hugsanlega gætu hér verið einhverskonar skotgrafir, og að önnur hafi hugsanlega verið grafin niður í gamalt heystæði.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Mynd 45: Tóft 023_01 til vinstri, borft í norðaustur. Tóft 023_02 til hægri, borft í norðvestur.

SM-142:024 *Geithúsatættur* tóft stekkur 721195 512225

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir neðan [Svörtubotna] á Seljateigshálsi er ... Háaenni, svo neðan við brekkur fast við á er Völvustekkur [025] og Geithúsatættur [024]; þar á vala [völva] að vera grafið [svo]. Þarna þótti gott að heyja og mátti." Í viðbótum Bjarnar G. Eiríkssonar segir: „Innst og efst í hálsbrúninni eru Svörtubotnar, þar niður af og fremst við Geithúsaána utanverða og við hálsrætur er Völvu- (eða Völu) stekkur. ... Geithúsaá hefir líklega fengið nafn af geitahúsum, er í einhverntíma ... hafa þar verið nærri, en um það finnst nú, engar sagnir eða sögur. [svo fylgir handskrifað] Sæbjörg ríka í Seljateigi [f. 1825, d. 1906], mun þó og þar líklega, geitur átt hafa fáeinar.“ Geithúsatættur eru leifar beitarhúss um 10 m austan við Geithúsaárgil í 10-15 m hæð yfir bökkum árinna á láglandi og um 1,1 km VNV við bæjarhól 001. Tóftin stendur á grasigrónum 25 m breiðum hjalla við fjallrætur og er tóftin hlaðin inn í hlíðina að norðan. Hjallinn er hægt og sigandi að hverfa í birkikjarr. Tóftin er einskipt og vel grasi- mosa og lyngigróin. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti, um 10 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr NNV-SSA. Veggir standa að mestu enn sterkir en teknir að síga aðeins fyrir miðju og smá hrun er í suðvesturhorni. Þeir eru um 1,5 m á breidd, 0,5-1,5 m á hæð og eru hæstir í norðurenda. Gengið var inn í tóft að sunnan um 0,5 m breiðan inngang. Greinileg grjóthlaðin garðaundirstaða er í miðri tóft. Hún er um 0,5 m breið, 0,5 m há og 5 m löng. Lögun tóftar líkist frekar beitarhúsi en stekki.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 3; Ö-Seljateigur viðb. BGE, bls. 2 og 3



Mynd 46: *Geithúsatættur 024 eða Völvustekkur 025?*

Lögun tóftar líkist frekar beitarhúsi en stekki.



Mynd 47: *Völvustekkur 142:024, horft til norðvesturs.*

SM-142:025 *Völvustekkur* heimild um stekki og leiði 721183 512230

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir neðan [Svörtubotna] á Seljateigshálsi er [...] Háaenni, svo neðan við brekkur fast við á er Völvustekkur [025] og Geithúsatættur [024]; þar á vala [völva] að vera grafið [svo]. Þarna þótti gott að heyja og mátti." Í viðbótum Björns G. Eiríkssonar segir: „Innst og efst í hálsbrúninni eru Svörtubotnar, þar niður af og fremst við Geithúsaána utanverða og við hálsrætur er Völvu- (eða Völu) stekkur. [...] Geithúsaá hefir líklega fengið nafn af geitahúsum, er í einhverntíma ... hafa þar verið nærri, en um það finnst nú, engar sagnir eða sögur. [svo fylgir handskrifað] Sæbjörg ríka í Seljateigi, mun þó og þar líklega, geitur átt hafa fáeinar.“ Aðeins ein tóft 024 fannst á þessu svæði og staðsetning stekksins sem eftir er óljós. Ekki er útilokað að stekkurinn og Geithúsatættur hafi verið byggð á sama stað, en einnig er hugsanlegt að umræddur stekkur sé horfinn eða aldrei verið eiginlegt mannvirki. Staðsetning leiðis á svæðinu er óþekkt. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 3; Ö-Seljateigur viðb. BGE, bls. 2 og 3

SM-142:026 *Kinnarbali* mannvirki leikvöllur 720974 512088

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir neðan botninn [Fellshólabotn út við Gljúfrið] er Fellhólaklettur og þar niður af kjarrhlíð sem heitir Kinn, og Klappir innan við hana. Þá er Kinnarbali við fjallsrætur; þar er nú íþróttavöllur." Íþróttavöllurinn á Kinnarbala er sléttað tún um 100 m vestan við mynni Geithúsaárgils og um 1,25 km vestan við bæjarhól 001. Íþróttafélag Reyðarfjarðar var stofnað 1918-1919 og ungmennafélagið Valur árið 1936. Skógrækt og íþróttaiðkun á svæðinu hófust svo í kring um 1945 og náttúrulegum balanum breytt smám saman í íþróttavöll. Völlurinn er ofan við gamla þjóðveginn, fast sunnan undir fjallsrótum sem smátt og smátt eru að hverfa í birkikjarr. Völlurinn er sléttur og grasgróinn, gróflega kassalaga, um 125x70 m að flatarmáli og snýr ANA-VSV. Engin garðlög eða girðingar eru umhverfis völlinn. Þessi staður telst ekki til friðaðra fornleifa þar sem miðað er við 100 ára aldur en er engu að síður mikilvægur minnisvarði um búsetusögu svæðisins og fær því að fljóta með.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2-3; Guðmundur Magnússon, 2003 bls. 167, 185-188.



Mynd 48: Íþróttavöllurinn á Kinnarbala 142:026, horft til austurs.

SM-142:027 mannvirki óþekkt 721035 511938

Stór steinsteyptur húsgrunnur frá hernámsárunum er um 120 sunnan við Kinnarbala, um 500 m vestan við Ali Baba's Camp 020 og um 1,3 km vestan við bæjarhól 001. Grunnurinn er á grasgrónu sléttlendi byggður fast vestan undir malaröxl sem liggur norðvestur upp af Stóramel. Öxlin myndar austurhlíð grunnsins sem er grafin niður að hluta og sést ekki frá Ali Baba's Camp. Grunnurinn er um 16 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr NA-SV. Hann er opinn að hluta til norðausturs undir brekkunni. Veggir eru 1-3 m á hæð, um 0,3 m á breidd og eru smátt og smátt að grotna niður. Göt hafa myndast hér og þar í grófa steypuna. Grunnurinn er mjög líklega herminjar en ekki er vitað hvaða hlutverki hann gengdi eða hvort hann var nýttur á hernámsárunum yfirhöfuð.


Hættumat: engin hætta



Mynd 49: Steinsteyptur grunnur 027 sem telst líklega sem herminjar án þekkts hlutverks, horft til suðausturs.

SM-142:028 *Puntbali* tóft beitarhús 720695 511854

Í ornefnaskrá segir: "Þá eru Skógarhöfðar efri og neðri, annar fyrir neðan veg, svo Puntbali. Þar voru beitarhús og á Efri-Skógarhöfða [029]." Beitarhúsin og torfgarður umhverfis Puntbala eru mikil mannvirki sem byggð voru um 1880 (Sveitir og jarðir III, 1976; Jónas Jónsson 2013a, 61-63). Beitarhúsin í norðurenda balans eru efst á Neðri Skógarhöfða




Mynd 50: Beitarhústóft 142:028_01 (neðst til vinstri) innan garðs 028_02 (til hægri) umhverfis Puntbala og þúst 028_03 (efst til vinstri). Sjá einnig mynd 51. Teikning er felld ofan á loftmynd frá Loftmyndir ehf.

um 1,6 km VSV við bæjarhól 001 og um 250 m NA og ofan við þjóðveg. Puntbalinn er sléttad tún sem tekur upp mestan hluta Efri-Skógarhöfða. Í gegnum túnið rennur ónefndur uppþornaður lækur inn í norðausturhorni yfir túnið og út í suðvesturhorni. Lækurinn liggur samsíða áberandi berggangi í fjallshlíðinni ofan Kinnarbala og virðist lækurinn upprunninn í hlíðunum vestan Geithúsaárgils. Puntbali er aflangur, um 265 á lengd, um 160 m á breidd og snýr NNV-SSA. Umhverfis túnið að norðan, austan og vestan er mikill, torfhláðinn túngarður 028_02 en hann er horfinn að mestu að sunnan, líklega vegna skurðgraftar. Torfgarðurinn er 2-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð, en hér og þar hafa myndast skörð t.d. vegna vegslóða og umgangs búpenings. Beitarhúsin 028_01 eru innan túngarðs efst í norðvesturhorni túnsins. Tóftin er þrískipt, um 22 m á lengd, um 14 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hólf I og II hafa líklega verið peningahús sem liggja N-S og hólf III hlaða eða heystæði sem snýr A-V fast norðan við I og II. Hólf I er um 12x3 m að innanmáli á meðan hólf II er helmingi styttra eða um 6x3 m að innanmáli. Gengið hefur líklega verið inn í bæði hólfina að sunnanverðu þar sem líklega hafa verið timburþil en skarð hefur myndast í vesturvegg hólfis II. Líklega hefur verið innangengt í hlöðu III úr húsi I. Hlöðutóftin er um 7x2,5 m að innanmáli. Veggir tóftar eru grjót- og torfhláðir, 2-3 m á breidd og 0,5-2,5 m á hæð. Veggir eru hæstir í hlöðu og 5-10 umför eru greinanleg í innanverðum veggjum. Greinileg garðaundirstaða liggur í gegnum mitt hólf I. Mjög líklega hefur verið timbur- og bárujárnsþak á tóftinni. Um 30 m NNV við beitarhús og túngarð er mjög grasigróin þúst 028_03. Þústin er um 12 m löng, um 8,5 m breidd og snýr NV-SA. Í miðri þústinni er um 0,5 m djúp kassalaga dæld sem er um 6,5x3 m að innanmáli. Ekki er beint hægt að tala um vegg þústarinnar þar sem þústin er að mestu dældin. Hugsanlegt er að hér hafi verið eldra minna beitarhús sem rænt hefur verið öllu grjóti þegar stærra beitarhús er byggt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2; Sveitir og jarðir III, 1976, bls. 163.



Mynd 51: Beitarhústóft 142:028_01 og garðlag 028_02 á Puntbala.

SM-142:029 Efri-Skógarhöfði heimild um beitarhús 720394 511988

Í örnefnaskrá segir: "Þá er Skógarhöfðar efri og neðri, annar fyrir neðan veg, svo Puntbali. Þar voru beitarhús [028] og á Efri-Skógarhöfða." Efri-Skógarhöfði er fast ofan og norðan við gamla malarveginn inn í Fagradal og Neðri-Skógarhöfða. Höfðinn er 50-100 m breiður og 2-5 m hár náttúrulegur malarhjalli meðfram fjallshlíðinni með aflíðandi halla til suðurs, en hann er nú að mestu horfinn undir þétt birkikjarr. Ekki fundust ummerki um beitarhús á Efri-Skógarhöfða. Mögulegt er að þau séu horfin undir skriðu eða falin birkikjarri.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Seljateigur, 2

SM-142:030 tóft óþekkt 721759 512164

Í miðjum mógrofum 018 er einföld tóft um 80 m norðan við Stóramel og 530 m VNV við bæjarhól 001. Á þessu svæði er grasigróid þýfi. Víði- og birkihrislur eru á víð og dreif um svæðið. Tóftin er torfhláðin, um 7 m á lengd, um 5 m á breidd og snýr A-V. Gengið hefur verið inn að vestan. Veggir eru signir og ólögulegir og eru um 1-2 m á breidd

og 0,2-0,5 m á hæð. Líklega eru hér leifar af mókofa eða undirstöðu móhrauks.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Mynd 52: Tóft 142:030 við mógrafir 018, borft til ANA.

5. Fornleifar Seljateigs og Seljateigshjáleigu

Mín er ekki meining röng
þó mæðan þjái heims á vegi.
Eilífðin er ærið löng;
eins eru göng í Seljateigi.

Ólafur Erlendsson frá Hofteigi

Sagt er að þessari skemmtilegu vísu hafi verið kastað fram af Ólafi frá Hofteigi holdveikissjúklingi, líklega á seinni hluta 18. aldar. Eitt sinn er Ólafur kom við í Seljateigi í óþekktum erindagjörðum þótti honum taka nokkuð langan tíma að ná í húsbónda til viðtals eftir að manneskjan sem kom til dyra hvarf inn í hin löngu bæjargöng torfbæjarins (Gísli Helgason, 2000, bls. 349). Þessi vísa hefur því líklega verið ort fyrir 1884 þegar íbúðarhús úr timbri er fyrst byggt í Seljateigi. Hvort vísa þessi getur einhverja vísbendingu gefið um bæjargöngin í Seljateigi skal ósagt látið, en skemmtileg er hún engu að síður.

Sumarið 2022 voru skráðir alls um áttatíu minjastaðir, fimmtíu og einn í Seljateigi og þrjátíu í Seljateigshjáleigu. Gerð var svæðisskráning og aðalskráning fyrir báðar jaðirnar og eru svo til allir skráðir minjastaðir sunnan fjalls í Reyðarfirði; frá Njörvadalsá í austri, að Fagradalsá í vestri, og Fagradals- og Sléttuám í suðri. Meginmarkmið skráningarinnar sumarið 2022 var þó að gera nákvæma deiliskráningu á fyrirhuguðum skógræktarreitum Seljateigs og Seljateigshjáleigu innan núverandi landamerkja 2022 (sjá mynd 1 og kort í viðauka 3). Í landi beggja bæja eru svæði áætluð fyrir skógrækt að mestu utan heimatúns. Á láglandi nær áætlað skógræktarsvæði í landi Seljateigs austan og norðan heimatúns, frá Holti í suðri til norðurs að fjallsrótum. Á láglandi í landi Seljateigshjáleigu er áætlað að nýta lítinn grasigróinn skika á áreyrunum neðan vegar, sem og allt land á bæjarhjallanum vestan heimreiðar og heimatúns að Geithúsaá í vestri, frá vegi í suðri og norður að fjallsrótum. Frá báðum bæjum er áætlað að hægt verði einnig að nýta uppblásinn Seljateigshálsinn, sem og öll Sellöndin. Brattar hlíðar Seljateigshálsar eru þegar vel birkiþróttar ásamt einstaka reynitré á stangli. Afmarkast það svæði frá Njörvadalsá í austri, yfir að Grjótgörðum og Geithúsaárgljúfri í vestri.

Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu. Samantekt á helstu tegundum minja sem skráðar voru á svæðinu má sjá í töflu 1. Umfangsmestu minjastaðir sem skráðir voru eru braggahverfin Camp Minden SM-141:039_01-38 og Camp Ali Baba SM-142:020_01-21 frá seinni heimstyrjöld. Aðeins tveir þekktir minjastaðir voru ekki skráðir á vettvangi sumarið 2022: meintur áfangastaður við Biskupshlaup SM-141:045 og tóftarbrot við Fjóluhlíðarklett SM-141:051. Áfangastaður 045 er staðsettur inni á Fagradal í landi sveitafélagsins, langt utan núverandi landamerkja bæjanna, og verður að teljast mjög ólíklegt að mannvirki finnist á þessum stað. Eftir að vettvangsvinnu lauk

fundust einnig upplýsingar um eitt hugsanlegt mannvirki í viðbót í hlíð Seljateigsháls ofan Seljateigs við Fjóluhlíðarklett SM-141:051. Skráning þess bíður betri tíma.

Tafla 1: Helstu tegundir skráðra minjastaða og skipting þeirra milli jarðanna tveggja.

Minjategundir	Seljateigur	Seljateigshjáleiga
Annað	3	3
Áningarstaður	2	0
Beitarhús	0	3
Vatnsból	2	0
Býli	1	0
Bæjarhóll	1	1
Hlóðaeildhús	1	0
Fjánhús	3	1
Fjós	1	1
Flugvöllur	1	0
Hesthús	2	1
Herminjar	2	2
Heystæði	1	1
Kálgarður	3	3
Kvjar	1	0
Leið	1	0
Mógrafir	1	2
Mylla	1	0
Óþekkt	11	5
Reykkofi	0	1
Rétt	4	1
Sel	2	0
Skemma	2	1
Stekkur	1	2
Útihús	2	1
Vað	1	0
Varða	2	0
Völvuleiði	0	1
Samtals:	51	30

Landnám í Reyðarfirði

Lítið er vitað um upphaf landnáms og þróun byggðar á fyrstu öldum í Reyðarfirði umfram umdeildar sögur t.d. af Naddoddi og mönnum hans sem samkvæmt Landnámu gengu þar lítt hrifnir á fjöll við landkönnun á Snælandi (LÍ I, bls. 29). Samkvæmt sögunum námu fyrst land bræðurnir Ævar og Brynjólfur Þorgeirssynir Vestarssonar ásamt ónefndum þriðja bróður í Reyðarfirði (ÍF I,

bls. 296-298 og 306-307), og hinum Þorleifi kristna í Krossavík (ÍF XI, bls. 28 og 32, nú Vöðlavík). Í frásögn Landnámu virðist sem Ævar hinn gamli gæti hafa flúið strax upp í Skriðdal (ÍF I, bls. 298). Samkvæmt fornsögunum mætti ætla að Reyðarfjörður hafi verið nokkuð vinsæll viðkomustaður enda er hans oft getið í þeim, t.d. í tengslum við ferðir til og frá skipi. Þannig er staðarins getið t.d. í Hrafnkelssögu Freysgoða (ÍF XI, 125-126) og sögum Droplaugarsona (ÍF XI, bls. 137-139, 155 og 179) og Fljótsdælu (ÍF XI, bls. 237), þar sem skip eru sögð leggja, vera búin og sett upp í Reyðarfirði t.d. á leið manna ofan úr Fljótsdal og Skriðdal til og frá landinu. Víðáttumiklar og flatlendar leirur og áreyrar eru í botni fjarðarins, sem hafa hugsanlega verið góður lendingarstaður fyrir flatbotna skip sem ristu grunnt (Guðmundur M. H. Beck, heimildamaður, 2022). Lítið er um samfellt ræktarlegt undirlendi innst í þessum djúpa og bratta firði, en mesta samfellda undirlendið snýr til suðurs og nær svotil óslitið frá Hólmum í norðaustri inn fjörðinn og yfir að bænum Sléttu í suðvestri. Fyrstu bæjum gæti hafa verið stungið niður hvar sem er á þessu svæði en líklegast verður að teljast að grösugt undirlendi og áreyrar innan jarðanna Hólma, Kollaleiru og Seljateigs komi helst til greina.

Byggð í Seljateigi og upphaf Seljateigshjáleigu

Lítið er vitað um upphaf byggðar í Seljateigi en elstu rituðu heimildir ná aftur á miðja 16. öld. Jörðin hefur líklega lengi verið með minni jörðum (9 hndr) í Hólmasókn og engar heimildir eru til um bænhús líkt og skráð hefur verið í landi Kollaleiru SM-140:004 (Guðný Zoëga og flr. 2004, bls. 125). Örnefni Seljateigur og Sellönd gefa sterkllega til kynna að þetta landsvæði hafi upphaflega verið nýtt sem selland en ekki er ljóst frá hvaða bæ/bæjum. Guðmundur M. H. Beck, heimildamaður, hefur velt upp hugmyndum um að Seljateigur hafi á einhverjum tímapianti verið byggður út úr landi Kollaleiru eða Áreyja en einnig er hugsanlegt að löndin hafi verið nýtt frá kirkjustaðnum að Hólmum. Það hefur þá verið fyrir miðja 16. öld. Í jarðatali frá lokum 17. aldar (Björn Lárusson 1967, bls. 324) og í Jarðatali Johnsen frá 1847 er Seljateigur í einkaeign og metin á 9 hndr. Í manntali 1703 eru tvær fjölskyldur skráðar í Seljateigi (tvíbýli) en ekki er ljóst hvenær Seljateigshjáleigan er byggð upp á núverandi stað, þar sem timburhúsið frá 1928 stendur í dag (2022). Samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingum 1843 telst hjáleigan af prestri sem nýbýli, en hvað það þýðir í raun er óljóst. Þó má benda á að Seljateigshjáleiga birtist ekki sem eiginlegt bæjarnafn í manntölum fyrr en í manntali árið 1840 þegar Eiríkur Bjarnson, kona hans Sigríður Guðmundsdóttir, börn og vinnufólk, eru skráð þar fyrir búskap (Manntalsvefur ÞÍ, 2022, hjáleigan ekki skráð í manntali 1835). Í jarðatali Johnsen 1847 virðist Seljateigshjáleiga orðin opinber eining og metin 4 hndr af dýrleika Seljateigs. Svo hugsanlega er hjáleigan ekki byggð upp á þessum stað á bæjarhjallanum fyrr en um miðja 19. öld. Landamerki bæjanna voru ekki formlega/löglega

skilgreind fyrr en á síðustu árum. Nokkra athygli vekur að umfang bæjarhólsins á Seljateigshjáleigu virðist að engu minni að umfangi en höfuðbýlisins en báðir hafa verið sléttaðir og í raun ekki vitað með vissu hversu mikil uppsöfnuð mannvistarlög kunna þar að leynast undir sverði. Bæjarhóll Seljateigs gæti leynt á sér þar sem bærinn er byggður í austurenda bæjahjallans, sunnan Bæjarlæks, og gæti verið mun þykkri til norðausturs og austurs þar sem lækjarbakkinn er 3-4 m hár, en til vesturs og suðurs.

Bæjarhólar og minjar í heimatúni

Líklegt er að meirihluti skráðra minja sé frá 19. og 20. öld. Á báðum bæjarhólum sjást aðeins óljósar útlínur kálgarðanna Langabeðs 141:003 og 142:003 ennþá. Í báðum tilvikum fast sunnan íbúðarhúsanna í heimatúni þar sem landið hallar til suðurs. Í upphafi 20. aldar voru kálgarðar í Seljateigi gróflega áætlað um 750 m² samtals og um 350 m² í Seljateigshjáleigu. Eini skráði kálgarðurinn sem ætla mætti að sé að mestu óraskaður er kálgarður 141:004 í Seljateigi. Þrátt fyrir það er hugsanlegt að hann hafi verið færður til austurs eftir 1919, hugsanlega til að hvíla jarðveginn í gamla kálgarðinum, nema mistök hafi verið gerð þegar túnakort er teiknað. Matjurtarékt á Íslandi fór ekki að breiðast út um allt land að neinu marki fyrr en í byrjun 19. aldar og óx þegar leið á miðja öldina (Jónas Jónsson, 2013b, bls. 169-171). Flest eldri útihús (eldhús, fjós, hesthús, hlöður o.flr.) sem stóðu á bæjunum í upphafi 20. aldar og getið er í fasteignamati 1916-1918 og á túnakorti 1919 á báðum bæjarhólum og í heimatúni hafa verið rifin og/eða sléttuð á 20. öld vegna uppbyggingar og endurbóta. Skráningu útihúsa á túnakort 1919 í heimatúni og á bæjarhól Seljateigs norðan íbúðarhúss frá 1884 virðist vera eitthvað ábótavant, en hvers vegna það gæti verið er óljóst. Hugsanlegt er að um þessar mundir hafi ábúendur verið í því að endurnýja húsakost að einhverju leyti og gömlu húsin því ekki skráð. Líklegt er að útihús og tóftir sem voru í túnnum eins og t.d. Hringhús 141:007, Lukkutótt 141:008 og hesthúsin í Hesthústúni Seljateigs 141:009 hafi að miklu eða öllu leyti verið fjarlægð úr túni um og eftir miðja 20. öld, til þess að auðveldara væri að slá eins og Þóroddur Helgason, heimildamaður segir frá. Líkur má leiða að því að hið sama hafi einnig gerst með útihús í túni í Seljateigshjáleigu eins og t.d. í Miðbarði 142:009 og hugsanlega það hesthús sem líklegt verður að telja að Hesthústún 142:006 hafi verið kennt við.

Aðeins hafa varðveist þrjár útihúsatóftir heima við eða nálægt bæ í Seljateigi og ein í hjáleigu. Í Seljateigi má enn sjá vott af Þrílangi 141:006, ásamt fjárhúsi 141:010 í Háabarði, og beitarhúsi og hlöðu Gísla S. Benediktssonar vinnumanns 141:021 í Seljateigi frá miðri 20. öld. Uppistandandi veggir í tóft 141:010 eru það vel varðveittir að ólíklegt verður að teljast að hún sé eldri en frá seinni hluta 19. aldar eða þeirri 20. Björn Grétar Eiríksson nefnir aðeins gamla tóft í Háabarði í viðbótum sínum við örnefnaskrá (bls. 5) en nefnir ekki hvenær hún var notuð. Bændur voru að halda við og

byggja upp grjót- og torfhlaðin útihús langt fram eftir 20. öld. Sem dæmi má nefna að á Hólum í landi Kollaleiru voru tvö fjárhús hlið við hlið úr torfi og grjóti undir bárujárnsþaki nýtt fram að aldarmótum 2000. Voru eystri húsin tvístæð fjárhús og hlaða, byggð um 1930 af Kristni Hansssyni Beck, langafa skýrsluhöfundar. Vestari húsin voru eldri einföld fjárhús og hlaða, en höfðu verið færð yfir Hólalækinn til austurs þegar Framtún er sléttað um 1954 af Hans Ríkharð Kristinssyni Beck, syni hans (Guðmundur M. H. Beck, heimildamaður, 2022). Þeim sama og byggði einnig núverandi fjárhús í Seljateigi á fimmta áratugnum. Ekki er útilokað að þetta eigi einnig við um útihús 142:011 í Króknum í Seljateigshjáleigu. Þau eru það vel varðveitt að þau gætu verið frá byrjun 20. aldar en það er óstaðfest og þau gætu allt eins verið mun eldri. Hvenær þau voru byggð eða hvort þau séu eitt þeirra húsa sem nefnd voru í fasteignamati 1916-1918 er a.m.k. óþekkt. Reykkofi 142:010 úr timbri og bárujárni var einnig rétt vestan heimatúns í Seljateigshjáleigu en hann er horfinn.

Myllulækurinn

Myllur verða ekki algengar á Íslandi fyrr en um og eftir miðja 19. öld. Framfarir í kornvinnslu í Bandaríkjunum og Evrópu um og eftir 1870 ásamt aukningu í komum gufuskipa með meiri flutningsgetu til landsins þýddi að innflutningur á ódýru mjöli og hveiti jókst og myllur og kvarnarsteinar urðu að mestu úrelt í lok 19. og byrjun þeirrar 20. (Sólveig G. Beck, 2020). Allt bendir því til að myllan í Seljateigi kunni að hafa verið fallin úr notkun í kringum aldamótin 1900 eða a.m.k. fyrir 1950. Samkvæmt örnefnaskrá var Myllulækur 141:037 grafinn í vesturbakka Njörvadalsár til að leiða vatn að myllunni í Seljateigi. Engin leið er að leiða vatn úr ánni í annan farveg fyrr en komið er niður á jafnsléttu vegna þess hve gil árinna er djúpt og mjótt. Ekki er lengur vitað hvar myllan var staðsett en í vesturbakka árinna má greina óljós ummerki sem gætu verið eftir skurðinn. Skurður hefur verið grafinn í bakkann frá gilmunna árinna í norðri til suðurs þar sem skurðurinn hverfur aftur í ána. Hallinn á þessu svæði er mjög lítill og hefur skurðurinn þurft að vera bæði mjór og hallandi til að ná upp nægilegri vatnsorku til að snúa spöðum myllunnar. Hugsanlegt er því að myllan hafi verið nær suðurenda skurðarins og gæti hún hafa verið nýtt frá báðum bæjum. Engin ummerki um hana sjást í dag og er líklegt að þar spili inn í bæði landrof Njörvadalsár og umrót breska og bandaríska hersins í Camp Minden á þessu sama svæði.

Herminjar seinni heimstyrjaldar

Tvö braggahverfi voru skráð sumarið 2022. Annars vegar Camp Minden 141:039_01-38, fast vestan við Njörvadalsá í landi Seljateigs, og hins vegar Ali Baba's Camp 142:020_01-022 undir Stóramel á austurbakka Geithúsaár í landi Seljateigshjáleigu. Hverfin voru bæði byggð á árunum 1940-1941

Þegar Reyðarfjörður var fyrst hernuminn af Bretum. Bandaríkjamenn tóku svo við stjórn þegar Bretar hrufu á braut eftir eins árs hersetu og voru Norðmenn einnig með eina flugsveit á svæðinu (Friðþór Eydal 1999, bls. 98 og 126; Páll B. Pálsson 2015, bls. 293, 343, 417 og 662; Þór Whitehead 2002, bls. 62 og 210). Eitthvað er nafn eystri búðanna í Seljateigi á reiki því að samkvæmt heimildum er svæðið við Njörvadalsá bæði kallað Wakefield af Jóhanni Björnssyni í Seljateigi (Sveitir og jarðir í Múlaþingi III, 1976, bls. 161; Guðmundur M.H. Beck heimildamaður) og Camp Minden (Friðþór Eydal 1999, bls. 60, 98; Þór Whitehead 2002, bls. 64). Friðþór Eydal minnst bæði á Camp Minden við Njörvadalsá og í Kvíagili inni í þorpi á Búðareyri, en líklega er þar um innsláttarvillu að ræða því við Kvíagil skráir hann einnig River Camp (bls. 62 og 126). Oftast er notast við nafnið Camp Minden í tengslum við Njörvadalsá og er það því notað hér. Umfang beggja braggahverfanna er umtalsvert og útlínur þeirra eru nokkuð skýrar. Hið mikla umfang gerði það að verkum að mest af minjunum var þó skráð upp af loftmyndum og kortum til að flýta skráningunni, sérstaklega í Camp Minden. Minjar í Ali Baba's Camp voru allar mældar upp vegna ágangs Geithúsaár.

Camp Minden afmarkast af gömlum malarvegi yfir Njörvadalsá í suðri (mynd 28), Njörvadalsá í austri og norðaustri og Holtinu í norðvestri til suðvesturs. Eldhús (kokkhús) hersins og þrjár braggar eru enn uppistandandi og á víð og dreif um svæðið eru grjót- og torfhláðir veggir og steinsteypt gólf og grunnar sem eru smátt og smátt að hverfa í gróður. Njörvadalsá er einnig byrjuð að brjóta niður braggagrunna í vesturjaðri svæðisins. Nýbýlið Fagrahlíð 141:038 var byggt upp um miðja 20. öld í þessu yfirgefna braggahverfi og var allur húsakostur Gísla S. Benediktssonar innan braggahverfisins. Íbúðarhúsið var í steinsteyptu eldhúsinu sem stendur enn og útihús og hlöður í bröggum. Mest áberandi mannvirkin í braggahverfinu, fyrir utan eldhúsið/Fögruhlíð, eru loftbyssustæði 038A og niðurgrafin tóft 141:048, sem gæti þó bæði tengst búskap Fögruhlíðar eða braggahverfinu, sem hugsanlega geymsla eða jafnvel skotgröf. Braggahverfið Ali Baba's Camp 142:020 afmarkast af Geithúsaá í vestri og Stóramel í norðri, austri og til suðausturs. Það hýsti meðal annars breska stórskotaliðssveit 274. og heimildir eru um að loftvarnarbyssuhreiður hafi verið á svæðinu, en nákvæm staðsetning þess er óljós (Friðþór Eydal 1999, bls. 62; Guðmundur Magnússon 2003, bls. 244). Minjar þessa hverfis eru að hluta horfnar vegna landrofs Geithúsaár en þó má sjá leifar a.m.k. 15 braggagrunna ennþá fast vestan og suðvestan undir Stóramel. Heimildir geta einnig um varnarmannvirki í Hryggsselslág 141:043 en engin ummerki fundust um þau á vettvangi. Einnig voru skráð steinsteyptur grunnur 142:027 með óþekkt hlutverk ásamt þvottahúsrétt 141:049. Þrjár óvenjulegar tóftir og þústir 142:022-:023 með óþekkt hlutverk voru svo skráðar á vesturbakka Geithúsaár stutt vestan við Ali Baba, en hvort um er að ræða stríðsminjar er óljóst. Samkvæmt heimildum var flugvélum lent á Nesinu í botni Reyðarfjarðar í fyrri heimstyrjöldinni og var talið hugsanlegt að flugvöllur 141:041 á áreyrum Sléttuár hefði þá fyrst verið

sléttaður. Það hefur þó líklega ekki verið því samkvæmt flugvallaskrá ISAVIA er völlumurinn byggður fyrir sjúkraflug á sjötta áratugnum sem þýðir að ekki er hér um lagalega fornleif að ræða. Þetta mannvirki er þó merkilegur kafla út af fyrir sig, bæði í flugsögu Íslands og sögu Reyðarfjarðar og fékk því að fljóta hér með. Flugvöllurinn var aldrei notaður í áætlanflug en honum var lokað 1976 og loks lagður formlega niður 1981 (Arnþór Gunnarsson 2018, bls. 470). Líklega hafa vélar sem lentu í Reyðarfirði á stríðsárunum aðallega verið Northrop flugbátar 330. flugsveitar Norðmanna (Páll B. Baldvinsson 2015, bls. 343 og 417).

Einn forvitnilegasti minjastaðurinn sem skráður var í landi Seljateigshjáleigu eru hinar miklu „tættur“ á Grund 142:013, en þær eru lítið annað en skuggi í dag (mynd 53). Þær voru skráðar í örnefnaskrá Seljateigs árið 1957 af Stefáni Einarssyni prófessor (Svavar Sigmundsson, 2011, bls. 7), aðeins 12 árum eftir lok seinni heimstyrjaldar. Lengsta hugsanlega mannvirkið mælist um 45-50 m á lengd og mest um 20 m á breidd um miðjuna og 15 m til endanna. Það er áhugavert að í örnefnaskrá ekki er minnst á að þetta séu leifar af hinum mörgu braggahverfum hersins og engar aðrar heimildir eru til um þessar minjar. Hugsanlega eru hér leifarnar af Wakefield búðunum sem nefndar eru að ofan sem hefur ekki verið hægt að staðsetja.



Mynd 53: Tætturnar á Grund 142:013. Víkingaaldarskáli, 19. aldar peningahús eða braggaröð úr seinni heimstyrjöld? Loftmynd frá Landmælingum Íslands.


Tóftirnar sjást nú aðeins á loftmynd frá 10. áratungum þar sem búið er að slétta svæðið í tún. Ekki er heldur útilokað að hér sé um að ræða leifar af óvenjulega metnaðarfullum peningahúsum sem gætu hafa verið reist eftir 1870 þegar fyrirtæki eins og Slimonsverslunin og Örum & Wulff fluttu búpening á fæti í þúsundatali frá Íslandi til Bretlandseyja, Reyðarfirði þar meðtöldum (Guðmundur M. H. Beck, heimildamaður, 2022; Jónas Jónsson 2013a, bls. 61-63). Útlit húsanna minna þó alls ekki á hefðbundin peningahús. Beitarhúsið á Puntbala 028A frá því um 1880 t.d. er stórt og mikið, en helmingi styttra. Staðsetning minjanna er áhugaverð þar sem þær sitja í skjóli sunnan undir vesturenda núverandi bæjarhjalla með Stóramel að vestan, þar sem þjóðleiðir skiljast yfir í Skriðdal til suðvesturs, og uppá Hérað og Fljótsdal um Fagradal til norðvesturs. Má einnig velja upp þeim möguleika að hér gæti verið um skálatóft frá Víkingaöld eða minjar af eldra bæjarstæði eða býli í Seljateigi. Veisluskálinn á Hofsstöðum í Mývatnssveit er um 45 m langur og einn lengsti skáli sem fundist hefur á Ísland. Hann er þó hins vegar mun mjórri, eða aðeins rétt undir 10 m á breidd. Ef horft er til minni skála t.d. í Ólafsdal (22x9-10 m, mælt af loftmynd) þá er hlutfall lengdar og

breiddar um 2,4. Hlutfall stærsta mannvirkis á Grund er um 2,3, en langveggir þess eru minna bogadregnir en veggir skálans í Ólafsdal. Að hér sé um óvenjulega langa skálatóft að ræða verður því að teljast full bjartsýnt en þó ekki alveg útilokað.

Réttir og stekkir

Samkvæmt Hallgrími Jónssyni Hólmapresti var engin löggild rétt fyrir sveitina árið 1843 en mjög líklega hefur þetta breyst í lok 19. aldar. Heimildir eru um lögrétt 141:040 fyrir 1800 fjár út undir Njörvadalsá á svipuðum stað og myllulækur 141:037, en hún var rifin á hernámsárum seinni heimstyrjaldar, og samkvæmt Birni G. Eiríkssyni var réttað á Réttarböllum 141:044 ofan og norðan Fagradalsár innst í firðinum. Ekki er vitað hvort þessar réttir voru grjóthlaðnar eða úr timbri. Seinni tíma timburréttir voru bæði í Seljateigi 141:031 og hjáleigu 142:014, sem líklega voru nýttar á svipuðum tíma, og steinsteyptur þvottahúsgrunnur 141:049 var einnig nýttur sem rétt eftir stríð. Timburréttirnar eru horfnar að mestu en grunnur 049 stendur enn keikur.

Einar heimakvía 141:016 (240 m frá bæ) og einn stekkur, Árnastekkur 141:029 (585 m frá bæ), eru skráð í landi Seljateigs sem bæði eru hlaðin úr torfi og grjóti. Árnastekkur við rætur Seljateigshálsar er þó mun óljósari og virðist nokkuð eldri en kvíarnar heima við bæ sem líklega hefur verið nýtt á 19. og fyrri hluta 20. aldar. Þúst 141:018 (190 m frá bæ) og tóft 142:017 (450 m frá bæ) gætu einnig verið leifar af eldri stekkjum, en þótt mannvirkin séu bæði aflöng og tvískipt svipað og margir stekkir til þess að aðskilja ær og lömb, eru þau frekar lítil og óljós svo frekari rannsóknir þyrfti til að kanna eðli þeirra og aldur með einhverri vissu. Þúst 018 er einnig nær bæ en svo að hún geti talist sannfærandi stekkur, en stekkir eru oftast skráðir í 300-600 m fjarlægð (Birna Lárusdóttir 2011, bls. 223-226). Með óvenjulegri tóftum í landi Seljateigshjáleigu eru svo tóftirnar á Móatagli 142:021_01-04 (mynd 54). Samkvæmt örnefnaskrá eiga að vera stekkjartættur á taglinu. Þar eru sannarlega tóftir, en fjöldi þeirra og gerð er að mörgu leyti óvenjuleg miðað við hefðbunda stekki. Tóftirnar eru fjórar og allar mjög líkar að byggingu og í gróðurfari, sem gæti gefið til kynna að þær hafi verið í notkun á sama tíma og byggðar í sama tilgangi. Þær eru stórar og liggja í langri röð sem snýr gróflega norður-suður í línu við malareyrar árinna og opnast allar til austurs og norðausturs. Hver tilgangur og aldur þessara tófta hefur verið er óljós. Hugsanlegt er auðvitað að tóftirnar séu stekkir líkt og örnefnið bendir til, en hér er varpað fram þeirri tilgátu að mannvirkin séu líklegri til að tengjast umsvifum hersins á svæðinu í tengslum við Camp Ali Baba (sjá umfjöllun seinna í samantekt) og má þá gera ráð fyrir að við þær framkvæmdir kunni eldri stekkjareleifar á svæðinu að hafa vikið.



Mynd 54: Óvenjulegar tóftir á Móatagli SM-142:021 í Geithúsaá. Tóft 021_01 er lengst til hægri og 021_04 lengst til vinstri.

Geitahús og völvuleiði

Eitthvað misræmi virðist vera á frásögnum um Geithúsatættur 142:024 (1,1 km frá bæ) og Völvustekk 142:025 í landi Seljateigshjáleigu. Ekki er ljóst af örnefnaskráum hvort að á hjallanum fast austan Geithúsaár séu ein eða tvær tóftir. Við skráningu fannst aðeins ein grjót- og torfhlaðin tóft á þessu svæði. Hún hefur líklega verið einfalt beitarhús með garða eftir húsinu endilöngu sem skipti því í tvær langar og mjóar krær. Útilokað er að örnefnið Geithúsaá tengist þessari tóft eða meintu geitahaldi Sæbjargar í Seljateigi. Nafnið er a.m.k. eldra en lýsingar Hólmaprests árið 1843 þegar Sæbjörg er enn ung stúlka yfir á Sléttu. Sæbjörg flytur í Seljateig sem ekkja á sextugsaldri eftir 1880 og deyr 1906. Það er þó ekki að segja að ekki hafi geta verið geitahald seinna í Seljateigi í hennar tíð eins og frásagnir herma. Hins vegar má benda á að geitahald tíðkaðist hér á landi allt frá landnámi. Brattar hlíðar Seljateigshálsar og Suðurfells myndu teljast góðir hagar fyrir geitur og eru þær ennþá mjög algeng húsdýr, t.d. í snarbröttum fjörðum Noregs. Sæbjörg flytur í Seljateig sem ekkja á sextugsaldri eftir 1880 og deyr 1906. Geitahald á Íslandi er illa skráð í heimildum en talið er að geitahald hafi alltaf verið til staðar að einhverju leiti á Austurlandi og hafi aukist hratt um allt land í stað fráfærna, eftir að tekið hafði fyrir útflutning á sauðfé um aldamótin 1900 (Jónas Jónsson 2013b, bls. 106-112). Hugsanlegt er að aðhald fyrir geitur gæti hafa verið byggt upp á rústum

stökkjarins því mjög oft voru eldri tóftir endurnýttar í nýjum tilgangi (Birna Lárusdóttir 2011, bls. 226-227) en það eru þó að svo stöddu ekkert annað getgátur.

Í rituðum heimildum stendur orðið völvu fyrir spákonur/seiðkonur/vísindakonur (McKinnell 2003, bls. 117) og samkvæmt Sigurði Ægissyni (1992, bls. 7) eru völvu-örnefni langalgengust á Austfjörðum og á Suðurlandi. Ólíklegt er þó að örnefnið Völvustekkur sé vísbending um eiginlegan legstað völvu á svæðinu þótt að hjallinn geti sannarlega talist mjög fallegur og útsýnisvænn legstaður. Engar frekari sagnir virðast bundnar við þennan stað líkt og við Hólmahálsvölvuna til austurs í hinum enda fjallgarðsins norðan Reyðarfjarðar. Benda má á að orðið vala/Vala, sem Björn Grétar Eiríksson stingur uppá sem valkosti, þ.e. Völvustekkur, getur einnig þýtt lítill heybaggi. Hjallinn við Geithúsaá hefur a.m.k. örugglega gefið af sér nokkra slíka. Ef einhverskonar náttúrumyndun eða eldri stekkur hafi verið til staðar á hjallanum sem bar/báru þetta nafn eru þau horfin í kjarr eða undir Geithúsatættur.


Beitarhús og sauðaútflutningur í lok 19. aldar

Mikill uppgangur var í útflutningi á búfénaði til Bretlandseyja með gufuskipum á síðustu þremur áratugum 19. aldar. Á Puntbalanum 142:028 á Neðri-Skógarhöfða eru stór og mikil beitarhús og torfhlaðið garðlag umhverfis túnið á balanum sem líklega voru reist um 1880. Eru þau vitnisburður um metnað bænda og þáttöku í þessum útflutningi, enda var hann mjög arðbær. Í Ísbjarnarfréttum í Norðanfara í mars 1881 eru óbeint nefnd beitarhús 142:015 vestan Geithúsaár sem gætu verið sömu beitarhús og standa þar nú, en einnig eru óljós ummerki um að eldri og minni tóftir hafi hugsanlega verið rændar á þessu svæði rétt norðan balans. Einnig voru beitarhús á Efri-Skógarhöfða 142:029 en engin ummerki um þau sjást lengur og gætu þau verið horfin annað hvort í skriðu eða kjarr. Áhugavert er að nefna að Guðný Zoëga (2004, bls. 164) hefur einnig skráð beitarhús 145:049 frá Seljateigi í enda Breiðahjalla við Selstaði, um 8,4 km ASA við Seljateig langt út með Sléttuströnd í sunnanverðum Reyðarfirði. Sagnir herma að þar hafi Sæbjörg Jónsdóttir, sem uppalin var á Sléttu, einnig verið með sauði á húsum. Þar eru tóftir tveggja beitarhúsa, hlöðu og réttar.

Sel og seljabúskapur

Nafn jarðarinnar, Seljateigur bendir sannarlega til þess að jörðin hafi byggst fyrst upp sem sel eða a.m.k í seljalandi eldri jarða í Reyðarfirði en hvaða jörð/jarðir það hafa verið er óljóst. Eins og rætt var að ofan gæti land Seljateigs áður hafa verið hluti af jarðnæði Kollaleiru einhvern tíman fyrir 16. öld en engar ritaðar heimildir eru til sem staðfesta það. Selið í Selmýri í Mið-Sellöndum 141:034 er um 1,1 km ofan og NNV við bæ (mynd 55). Selið er stórt og myndarlegt, samsett af tveimur húsum

og kvíum sem tengir þau saman. Samtals eru hólf selsins fjögur, eitt að sunnan, og þrjú norðan, við kvíarnar. Í seli þurfi aðstöðu til að mjólka ær, vinna og geyma mjólkina, borða og sofa ef langt var heim að bæ. Dæmigerð sel eru oft þrískipt: íveruhús, búr og mjólkurhús með nálægar eða áfastar kvíar (Birna Lárusdóttir 2011, bls. 238-239). Selið í Seljateigi er því skólabókardæmi um íslenskt sel. Heimakvíar (sjá 141:016) urðu algengar við bæ eftir að selstöður lögðust af, nýttar í mjaltir á kindum, kúm og geitum heima við bæ en líklega einnig oft almennt aðhald (t.d. mörkun, rúning og snyrtingu klaufa), fyrir og eftir að stekkjartíma lauk á vorin. Ekki er ólíklegt að seltóftirnar hafi verið endurnýttar sem heystæði eftir að seljabúskap lauk (Birna Lárusdóttir 2011, bls. 237). Örnefnið Heygarðslág 141:035 er í Sellöndum þar sem lengi var slegið en engin önnur mannvirki fundust á svæðinu. Varða 141:020 vísaði leiðina frá bæ upp í Sellönd. Engar tóftir fundust af Hryggseli 141:042 sem á að hafa verið staðsett innst í firðinum í mynni Fagradals, en lítið annað er vitað um það sel. Hugsanlega hefur það verið nýtt frá innstu bæjum í firðinum eins og t.d. Áreyjum eða Sléttu. Skýringar á því af hverju seljabúskapur lagðist almennt af eru ennþá svolítill ráðgáta en samkvæmt Birnu Lárusdóttur (2011, bls. 239) eru hugsanlegar ástæður t.d. mannekla vegna stóru bólu og aukin áhersla á kjötframleiðslu til útflutnings.



Mynd 55: Sellönd norður upp af Seljateigshálsi. Seljatóftir 141:034 eru vel varðveittar í Mið-Sellöndum.

Mógrafir og tengdar minjar

Mógrafir eru með algengustu minjum sem skráðar eru á Íslandi og þrjár mógrafir voru skráðar á svæðinu: mógrafir 141:022 á Holtinu í Seljateigi og tvær mógrafir 142:018 og 142:016 norðan og suðaustan undir Stóramel í landi Seljateigshjáleigu. Á nokkrum stöðum voru skráðar einfaldar tóftir og eða þústir í nágrenni grafa 141:022 og 142:018 (sjá 141:025-:028, og 142:018a og :018b og 142:030) sem líklegast verður að telja að séu móstæði/mókofar og/eða yfirgefnir torfhraukar. Aðhald 141:023 gæti einnig verið óljós, uppgróin mógröf. Á Holtinu eru að minnsta kosti þjár stórar og nokkuð djúpar grafir. Þar sem grafirnar hafa náð niður á melinn hafa þær valdið slæmu jarðvegsrofi og myndast hafa stór rofabörð sem reynt hefur verið að hefta með barrskógi. Einnig má sjá svipuð ljót rofabörð ofan við Stóramel á svæði 142:018 þar sem eru a.m.k. fjórar stórar grafir. Mjög líklegt er að þessar mógrafir hafi verið nýttar á 19. og 20. öld þegar mór var algengt eldsneyti á tímum fjárkláða, niðurskurðar, heimstyrjalda og umbóta í landbúnaði (Birna Lárusdóttir 2011, bls. 275), en víst er að þarna hefur mórinn hvorki verið þykkur né mjög góður. Í mýrlendi eru mógrafir oft fullar af vatni og geta verið hættulegar búpeningi. Í mógröf 142:016 er greinilegt að reynt hefur verið að beina vatninu út úr gröfinni til suðurs með litlum árangri. Á þessum sömu graslendu og sléttlendu svæðum, en þó aðeins til hliðar, eru einnig litlar, signar og kassalaga tóftir og þústir, 141:019 á Holtinu sunnanverðu og 142:012 í Blánni og 142:019 ofan við Stóramel, sem gætu allt eins verið torfhlaðin heystæði, hugsanlega ótengd mógröfum. Heystæði 141:030 gæti einnig leynst á vesturbakka Njörvadalsár en þó er samt allt eins líklegt að þessar leifar séu uppgróid rofabarð eða lækjardrag.

6. Deiliskráning vegna skógræktar 2022

Árið 1854 var skógarteigur í Seljateigslandi talinn nær gjöreyddur. Þessi teigur var talinn sem hlunnindi Hólmakirkju (*Skýrslur um landsbægi á Íslandi* 1861, bls. 480). Staðsetning hans er óljós en mjög líklegt er að hann hafi verið í og undir hlíðunum inn undir Suðurfelli vestan Geithúsaár, sem í daglegu tali í Reyðarfirði kallast Grænafell. Fyrstu skráðu hugmyndir um skógrækt í Reyðarfirði eru frá 1944-1945 þegar ungmennafélagið Valur og sveitarfélagið byrja að vinna saman að skógrækt í Grænafell. Á Kinnarbala var smátt og smátt byggður íþróttavöllur 142:026 og svæðið var nýtt bæði til útivistar, skemmtana og hátíðarhalda. Haldið var áfram að gróðursetja tré fram til um 1950 en þá var íþróttavöllurinn að mestu tilbúinn og skógrækt dettur nokkuð niður á svæðinu. Skógræktarfélag Reyðarfjarðar var svo stofnað 1951 (Guðmundur Magnússon 2003, bls. 187-188 og 195). Hlíðin var talin tilvalin til skógræktar og hefur Grænafell verið vinsælt útivistarsvæði íbúa í Reyðarfirði alla tíð síðan.

Sameiginleg skógræktargirðing Seljateigs og Seljateigshjáleigu var sett upp árið 1991. Árið 1995 nær svæðið frá Þjóðvegi upp á Seljateigsháls, frá Njörvadalsá í austri yfir að Geithúsaá í vestri (Sveitir og jarðir 1995, bls. 509-510). Nú hafa áætlaðir skógræktarreitir innan jarðanna tveggja verið nákvæmlega afmarkaðir (mynd 1) og var meginmarkmið þessarar rannsóknar að deiliskrá þessi svæði sem gróft metið eru samtals um 350-400 ha. Birkikjarr hefur þegar náð sér þó nokkuð á strik í hlíðum Grænafells og Seljateigshálsar sitt hvoru megin Geithúsaár í norðurhluta áætlaðra skógræktarsvæða beggja jarða, og stæðileg reynitré hafa stungið upp kollinum í kjarrinu í hlíðunum hér og þar. Seljateigshálsinn sjálfur er þó í kollinn ennþá að mestu ógróinn melur og grösug Sellöndin ofan hans eru nokkuð skorin af rofabörðum og lækjardrögum. Bæjahjallinn við rætur hálsins er að mestu vel gróinn utan heimatúns, fyrir utan ljót rofabörð í Holtinu og ofan og norðaustan Stóramels, og í Neðri-Skógarhöfða. Stórimelur og Neðri-Skógarhöfði eru þó smátt og smátt að hverfa í lúpínu og er hún farin að dreifa sér út á eyrar og meðfram bökkum Geithúsaár. Líklegast er að finna fornleifar í Seljateigi og hjáleigu á bæjahjallanum og í brekkunum ofan og framan við hann, frá Njörvadalsá í austri yfir að Geithúsaá í vestri. Á láglandinu framan og sunnan við bæjahjallann er nokkuð mýrlent en vel gróið alveg suður að bökkum Geithúsaár. Eins og fram var tekið í kafla 2 er friðhelgað svæði umhverfis allar almennar fornminjar 15 m, nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Deiliskráningarreitir

Seljateigur

Skógrættarsvæði í landi Seljateigs má sjá á yfirlitskortum 1 og 3 í viðauka 3 og eru þessi svæði viðbót við eldri skógræktarreitir á svæðinu sem eru vel á veg komnir.

Innan *syðsta svæðis* í heimatúni efst til norðvesturs má telja fyrst tóftir Þrílangs 141:007 og Hjalltún. Eldri barrtré eru þegar komin vel á veg fast austan Þrílangstóftar en ekki sést til minja og ekki eru þekktar neinar heimildir um að í Hjalltúni hafi verið útihús eða tóftir. Öll yfirborðsummerki um kálgarð 141:005 sem var innan þessa svæðis eru horfin. Fjárhústóft 141:010 er í norðvesturjaðri svæðis efst í brekkunni og eldri barrtré eru tekin að þrengja að tóftinni að norðanverðu. Talsvert er um tóftir inni á syðsta skógræktarsvæði sem eru í hættu vegna eldri skógræktar í Seljateigi. Þar eru kálgarður 141:004, heimakví 141:016 og aðhald eða mógröf 141:023. Þar eru tré tekin að þrengja að og/eða vaxa inn í tóftir. Tóft 141:019 og varða 141:020 á Holtinu eru umkringd barrskógi en eru þó ekki í bráðri hættu vegna skógræktarinnar, þó erfitt sé að komast að minjunum í gegnum skóginn. Eldri barrtré hafa verið gróðursett ofan í vegg tóftar 141:048 sem gæti hafa verið t.d. geymsla eða skotgröf frá Camp Minden og/eða Fögruhlíð 141:038 og er staðurinn í stórhættu af þeim sökum. Beitarhús 141:021 og réttarballi 141:031 eru einnig innan svæðisins til norðausturs inn á milli eldri skógarreita.

Á Holtinu og með vesturbakka Njörvadalsár eru skráðir tíu minjastaðir: 141:018, 141:022-028, 141:030 og 141:039_1. Vestast innan svæðisins, rétt utan við heimatún, er tóft 141:018 af hugsanlegum stekk. Austar hefur verið nagað ofan í koll og brúnir Holtsins með mógröfum og/eða torfskurði á að minnsta kosti fjórum stöðum í mógröfum 141:022, sem valdið hefur alvarlegu jarðvegsrofi á melnum til suðvestur, vesturs og norðausturs sem reynt hefur verið að hefta með skógrækt á vestanverðu Holtinu. Hugsanlegt er að við byggingu Camp Minden 141:039 hafi torf einnig verið skorið á Holtinu fyrir vegg og einangrun ásamt mógröftri frá bæ, sem hefur líklega ekki bætt ástandið. Eina tóftin í tengslum við Camp Minden innan svæðisins er hugsanlegt loftvarnarbyssustæði 141:039_1. Innan mógrafa 141:022 eru svo torfhlaðnar tóftir og þústir 141:023-028 sem eru líklega tengdar mótekju og/eða heyskap á Holtinu. Þúst 141:030 er norðaustast á svæðinu í grasigrónum bolla við Njörvadalsá. Þar gæti verið lítið heystæði en þó eru einnig hugsanlegt að aðeins sé um uppgróið rofabarð að ræða.

Engar minjar voru skráðar á *skógræktarsvæðinu sunnan Selár* í Sellöndum í toppi Seljateigsháls (yfirlitskort 1 í viðauka). Innan svæðisins er landið að mestu illa rofinn og uppblásinn melur. Neðst á svæðinu við brekkurrætur gæti birkikjarr fljótlega farið að þrengja að Árnastekk 141:029 sem og Vörðu 141:047 aðeins hærra í brekkunni. Nyrst í Sellöndum eru svo seljatóftir 141:034 og eru þær í góðu ástandi. Ekki hefur birkikjarr náð sér mjög á strik í Sellöndum og ekki eru neinar áætlanir um að gróðursetja norðan Selár í Seljateigslandi að svo stöddu. Mikilvægt er að vernda tóftirnar og nánasta umhverfi þeirra.

Seljateigshjáleiga

Skógræktarsvæði í Seljateigshjáleigu eru nokkuð umfangsmeiri. Eitt lítið svæði er áætlað í mýrlendi sunnan vegar, fast norðan við Geithúsaá (mynd 1 og kort 4 í viðauka 3). Norðan vegar nær skógræktarsvæðið hins vegar yfir allan Stóramel í suðri og Hæðirnar vestan heimatúns og þaðan norður upp brekkurnar yfir Seljateigsháls upp í fjallsbrúnir ofan við Fram-Sellönd. Frá Geitlandsá í vestri, að landamerkjum Seljateigs á Miðsellandalæk í austri. Engar fornleifar fundust á svæði 1 sunnan vegar, né heldur nyrst uppi í kalli Seljateigsháls og í Fram-Sellöndum. Hlíðar Seljateigshálsar voru ekki gengnar vegna bratta og mikils birkikjarrs á svæðinu. Engar fornleifar eru þekktar í heimildum í hlíðum hálsins eða Fram-Sellöndum í landi Seljateigshjáleigu.

Flestar skráðar fornleifar (kort 6 í viðauka 3) eru meðfram suðurhlíðum Stóramels og í Króknum austan undir melnum. Sem og á bæjarhjallanum, í Hæðunum norðan melsins vestan heimatúns og meðfram fjallsrótum til vesturs yfir að Geithúsaá og Geithúsatættum 024. Geithúsatættur eiga á hættu að hverfa í birkikjarr sem hefur náð sér mjög vel upp á svæðinu. Nú þegar hefur mikið verið gróðursétt af barrtrjám syðst á svæðinu, beggja vegna meðfram veginum uppá bæjarhjallann heim að bæ, í Króknum og suðaustan undir Stóramel. Eldri barrtré eru farin að sækja að fjárhústóftum 142:011 norðanverðum, og lúpínugróður og landbrot ógnar tóftum Camp Ali Baba 142:020 suðvestan Stóramels, sem sjálfur er að mestu horfinn í lúpínu. Suðaustan undir melnum eru mógrafir 142:016 og trjálundur er nú þar sem timburrétt 142:014 frá Seljateigshjáleigu var áður. Ekki verður gróðursett í túnið á Grund þar sem tóftir 142:013 leynast undir yfirborði.

Stærsta minjasvæðið er á flatlendum bæjarhjallanum norðan og norðaustan Stóramels (kort 6), þar sem skráðar voru mógrafir 142:018 með að minnsta kosti fjórum stórum mógrafaflákum. Í norðausturhluta svæðisins eru ljót rofabörð sem líklega hafa að einhverju leyti myndast vegna mógraftar ofan í melinn. Þarna eru einnig hugsanlegur stekkur 142:017 og heystæði 142:019. Innan mógrafanna eru þústir og tóftir 142:018A-:018B og 142:030, sem gætu verið torf- og/eða móhraukar, heystæði eða tættur mókofa. Mógrafir bæði ofan og neðan melsins eru sumar nokkuð djúpar og deigar hér og þar og gætu verið hættulegar búpeningi.

7. Niðurstöður – Varðveisla, kynning og frekari rannsóknir

Minjar í landi Seljateigs og Seljateigshjáleigu standa til marks um marga áhugaverða atburði, ekki bara í sögu jarðanna tveggja, heldur sögu Reyðarfjarðar, Íslands og Norður-Atlantshafs. Sögu fjárræktar og útflutnings í lok 19. aldar, hugsanlegri útbreiðslu geitahalds, útvarða seinni heimstyrjaldar og áhrifa hernáms á mannlíf og efnahag lítilla bæjarsamfélaga. Varðveisla minja er fremur bágborin í heimatúni og við bæ vegna endurbyggingar, sléttunar og túnræktar á 20. öld. Á svæðinu hafa þó varðveist tóftir af heimakví, beitarhúsum, geitakofa, seli og stekk sem verða vonandi ekki of illa úti við áframhaldandi útbreiðslu lúpínu og birkikjarrs á svæðinu. Verja þyrfti leifar Camp Ali Baba fyrir ágangi lúpínunnar og frekara landbroti Geithúsaár, og Geithúsatættur eiga það á hættu að hverfa endanlega í kjarr. Einnig er svolítið þrengt að heimakví Seljateigs vegna eldri skógræktar.

Ljóst er að ýmsir möguleikar eru á frekari rannsóknum og kynningu á minjum í landi Seljateigs/Seljateigshjáleigu. Sem dæmi má nefna að áhugavert væri að rannsaka seltóftirnar í Sellöndum nánar með könnunarskurðum og/eða uppgreftri í tengslum við hvarf seljabúskaps og á hlutverki og aldri hinna óvenjulegu Móataglstofa. Hægt væri að miðla fróðleik um minjar og sögu svæðisins með ýmsum hætti. Upplagt væri t.d. að setja upp upplýsingaskilti t.d. um braggahverfin tvö og endurnýtingu þeirra í samvinnu við Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði, því bæði braggahverfin eru í námunda við vinsæla gönguleið heimamanna inn í Grænafell. Afar áhugavert gæti einnig verið að kanna frekar forvitnilegar minjar sem við rannsóknina komu í ljós á Grund. Næsta skref til að afla frekari upplýsinga um minjarnar gæti verið að kanna svæðið með jarðsjá og eða grafa þar 1-2 könnunarskurði til að varpa frekara ljósi á eðli minjanna, leita að gjóskulögum og taka sýni til kolefnisaldursgreininga.

Ljóst er að miklar minjar er að finna innan skógræktarsvæða í landi Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Mikilvægt er að reynt verði að finna gott jafnvægi milli skógræktar, landgræðslu og varðveislu menningarlandslags og minja sem eru til marks um sögu okkar allra. Sem og tryggja aðgang og andrými umhverfis minjar innan skógræktarreita.

8. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Arnþór Gunnarsson, 2018. *Saga flugvalla og flugvallasögu á Íslandi*. Isavia, Reykjavík. Aðgengilegt á <https://rafhladan.is/handle/10802/16752>
- Birna Lárusdóttir, 2011. *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík, Opna.
- Björn Lárusson, 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.
- **DI XIII**: *Diplomatarium Islandicum eða Íslensket fornbréfasafn, 1857*. XIII. Bindi (1555-1562). Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Friðþór Eydal, 1999. *Fremsta Vígúla*. Reykjavík, Bláskeggur.
- Gísli Helgason, 2000. *Austfirðingabættir og aðrar frásagnir*. Reykjavík, Mál og mynd.
- Guðmundur Magnússon, 2003. *Saga Reyðarfjarðar 1883-2003*. Reyðarfjörður, Fjarðarbyggð.
- Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga, 2004. Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð. Rannsóknarskýrsla 27. Byggðasafn Skagfirðinga.
- Helgi Seljan, 1994 (10. september). Gísli S. Benediktsson, Minning. *Tíminn*, bls. 15.
- Hallgrímur Jónsson, 1843. Hólmasókn 1843. Í *Múlasýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874* (bls. 365-391). Reykjavík, Sögufélagið og Örnefnastofnun Íslands
- **ÍF I**: *Íslenskt fornrit I: Íslendingabók og Landnámabók*. MCMLXXXVI. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.
- **ÍF XI**: *Íslenskt fornrit XI: Austfirðingasögur*. MCML. Jón Jóhannesson gaf út. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.
- Johnsen, J., 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [án útgefanda].
- Jónas Jónsson, 2013a. *Landbúnaðarsaga Íslands. 3. bindi*. Reykjavík, Skrudda.
- Jónas Jónsson, 2013b. *Landbúnaðarsaga Íslands. 4. bindi*. Reykjavík, Skrudda.
- **LÍ I**: Þorvaldur Thoroddsen, 2003. *Landafræðisaga Íslands*. Bindi. I. Reykjavík, Ormstunga.
- *Lög um menningarminjar 80/2012*. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>
- McKinnell, John, 2003. Encounters with Völur. Í Margaret Clunies Ross (ritstj), *Old Norse Myths, Literature and Society* (bls. 110-131). University Press of Southern Denmark.
- *Norðanfari*, 1881 (31.-32. tbl). *Úr brjefi dagsett 17. marz 1881*, bls. 63. [Enginn höfundur].
- Páll Baldvin Baldvinsson, 2015. *Stríðsárin 1938-1945*. Reykjavík, JPV útgáfan.
- Sigurður Ægisson, 1992 (21. nóvember). Sagnir og minjar um Völvuleiði á Íslandi. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 6-8

- Sólveig G. Beck, 2020. *Quernstones and craftsmanship: Diffusion of innovation in pre-industrial Iceland*. Doktorsritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Reykjavík. Aðgengileg á opinvisindi.is: <https://hdl.handle.net/20.500.11815/1880>
- Svavar Sigmundsson, 2011. Málfræðistörf Stefáns Einarssonar og örnefnasöfnun hans á Austurlandi. Erindi flutt á Breiðdalssetri á Stefánsdegi 11. Júní 2011. Aðgengilegt á: https://www.bdsetur.is/images/Stefan-Einarsson/Malthing-2011/Vesteinn_erindi.pdf
- *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, 1976. 3. bindi. Ritstjóri: Ármann Halldórsson. Egilsstaðir, Búnaðarsamband Austurlands.
- *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, 1995. 5. bindi. Sveitahreppar í Múlasýslum frá Langanesi að Lónsheiði. Reyðarfjarðarhreppur (bls. 499-512). Egilsstaðir, Búnaðarsamband Austurlands.
- *Skýrslur um landsbægi á Íslandi*, 1861. 2. árgangur. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þór Whitehead, 2002. *Í hers höndum*. Reykjavík, Vaka-Helgafell

Óprentaðar heimildir

Fasteignamat 1916-1918 SM I-II: *Fasteignamat 1916-1918 – Yfirmat: Múlasýsla – suður*, 42r.

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á vefsíðu Þjóðskjalasafns.

Landamerkjaskjöl ÞÍ: *Landamerki milli Seljateigs og Kollaleiru 31. maí 1884*. Landamerkjabók, 33v og 34r. Aðgengileg á Jarðavef Þjóðskjalasafns Íslands og www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Mynd 28: Ljósmynd eftir Lt. Taylor tekin maí 1941. Fengin af iwm.org.uk, ©IWM H 95. Aðgangur að ljósmynd: <https://www.iwm.org.uk/collections/item/object/205478336>

Túnakort 1919: *Túnakort Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt á www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Seljateigur (Seljateigur): *Örnefnalýsing Seljateigs og hjáleigu*. Stefán Einarsson prófessor skráði. Heimildamenn Jóhann Björnsson f. 1897 uppalinn í Seljateigi og fyrir hjáleiguna Ólafur Jónasson f. 1903 og uppalinn í Seljateigi. Aðgengileg á www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Seljateigur viðb. BGE: *Örnefni í Seljateigslandi (viðbót)* eftir Björn Grétar Eiríksson, skráð árið 2000. Aðgengileg á www.nafnid.is, vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, 2022: www.manntal.is

Heimildamenn

Björn Grétar Eiríksson, f. 14.8.1931, systursonur Jóhanns Björnssonar í Seljateigi

Þóroddur Helgason, f. 9.8.1956, landeigandi í Seljateigi

Sigurbjörn Marinósson, f. 7.6.1956, landeigandi í Seljateigshjáleigu

Guðmundur Már Hansson Beck, f. 06.04.1950, fyrrverandi bóndi á Kollaleiru SM-140, næstu jörð við Seljateig til austurs.

Viðaukar

Viðauki 1: Landamerkjalyking merkja milli Kollaleiru og Seljateigs 1884
 Landamerkjabók S.-Múlasýsla 1883-1994. Síður 33v og 34r samsettar

Landamerkjalyking á jörðinni Kollaleiru eru þessi:
 Ad austan verða milli Bakkegurtis og fjöðrar jarðar, aðskilur
 „Búðard“ frá fjöru til fjalls á „Svinadalshöfn“, (en þar sem
 áin hefur breið eger við ósmýrnit, þá hefur umráða niðri-

jarðanna komið saman um, að ~~stær~~^{stær} árklafi falli
 til hvorrar jarðar í svo nefnt „Langvörf“).

Ad norðanverðu, sem til hjerats veit, af „Svinadalshöfn“
 yfir svo kallað „Skagafell“ í „Höfudalshöfn“, þar sem
 „Höfudalshöfn“ hefur upptök sín og fellur beint suður í
 „Hjettuhárfarveg“, þessi á aðskilur Kollaleiru og Selja-
 teigsland. Ad sunnanverðu aðskilur Hjettuhárfarvegur í
 úp fram Hjettu- og Kollaleyruland. Fadrantal við
 ósmýrnit í fjöru, er frá Gávarshjalli í Hjettuhárfar-
 veg suður 420 fadmar.

Þar sem ábúendur jarðanna er hér liggja nokk, eru
 anegdir með þessum landamerki, þá ritum hér söfn
 og klímili vor undir hana

Abúendur Kollaleiru 6. Maí 1884.

Segurður Oddsson. Bjarni Oddsson.

Abúendur Seljateigs og Hátéigu

Selbjörg fjöndóttir. Bjarni Eiríksson.

Abúendur Hjetta Selbjörg fjöndóttir. Guðm. Árnason

Guðm. Pálsson. Steinar Pálsson. Boas Pálsson.

Abúendur Bakkegurtis Boas Boasson. Gísla Skúladóttir.

Það landamerki enntar milli „Skagafelli“ á milli við Kolla-
 leiru, er jeg underskrifaður umráðamaður Kollaleiru sam-
 þykktur. Steinar Pálsson. Boas Boasson.

Steinar Pálsson
 Gísla Skúladóttir
 31. maí 1884

Gísla Skúladóttir.

Viðauki 2: Hnitaskrá ISN93

Viðauki 3: Minjakort

Upplýsingar um fornleifar eru hnitsettar ofan á loftmyndir frá Loftmyndir ehf.


Númer fornleifar	Austur	Norður	Númer fornleifar	Austur	Norður
141001	722499	512216	14103934	723058	512080
14100201	722513	512228	14103935	723105	512064
14100202	722515	512235	14103936	723101	512056
14100203	722506	512227	14103937	723096	512048
14100204	722490	512231	14103938	723095	512040
141003	722512	512199	141040	723081	512101
141004	722472	512380	141041	722756	511677
141005	722530	512392	141042	718981	512436
141006	722561	512383	141043	719056	512004
141007	722415	512307	141044	720000	511686
141009	722589	512225	141047	722565	512593
141010	722464	512365	141048	722884	512177
141013	722520	512221	142001	722300	512184
141016	722615	512435	142003	722311	512174
141017	722605	512354	142004	722317	512194
141018	722663	512316	142005	722244	512279
141019	722792	512080	142006	722332	512290
141020	722790	512078	142010	722136	512170
141021	722812	512481	142011	721929	511981
14102201	722815	512318	142012	722198	511920
14102202	722840	512287	142013	722003	511926
14102203	722768	512328	142014	721962	511885
141023	722754	512283	142016	721868	511913
141024	722810	512341	142017	721850	512123
141025	722769	512342	14201801	721664	512203
141026	722838	512321	14201802	721666	512211
141027	722805	512241	14201803	721663	512197
141028	722807	512274	14201804	721699	512160
141029	722905	512625	14201805	721764	512209
141030	722931	512405	14201806	721828	512146
141031	722839	512542	14201807	721841	512149
141032	722967	512436	142019	721665	512137
141033	723014	512739	142020	721531	512030
141034	722194	513238	14202001	721505	512052
141036	722251	513293	14202002	721513	512050
141037	723089	512188	14202003	721521	512047
14103801	723039	512178	14202004	721528	512041
14103802	723006	512035	14202005	721534	512038
14103803	722934	512211	14202006	721542	512031
14103901	723039	512178	14202007	721548	512033
14103902	723044	512134	14202008	721509	512030
14103903	723053	512117	14202009	721518	512025

14103904	723065	512141	14202010	721526	512020
14103905	723039	512208	14202011	721532	512017
14103906	723021	512228	14202012	721541	512011
14103907	723008	512249	14202013	721546	512007
14103908	722993	512255	14202014	721551	512002
14103909	723001	512281	14202015	721557	511998
14103910	722923	512265	14202016	721565	511995
14103911	723012	512202	14202017	721580	511987
14103912	723014	512168	14202018	721592	511947
14103913	722997	512166	14202019	721602	511930
14103914	723018	512137	14202020	721615	511906
14103915	723032	512096	14202021	721611	511894
14103916	723027	512054	14202022	721539	512061
14103917	723040	512025	14202101	721432	511915
14103918	722997	512074	14202102	721424	511929
14103919	723006	512035	14202103	721424	511952
14103920	722979	512015	14202104	721412	511968
14103921	722955	512016	142022	721390	511960
14103922	722885	512025	14202301	721368	511929
14103923	723084	512175	14202302	721377	511925
14103924	723072	512161	142024	721183	512230
14103925	723076	512139	142025	721195	512225
14103926	723071	512120	142026	720974	512088
14103927	723088	512125	142027	721035	511938
14103928	723089	512110	14202801	720695	511854
14103929	723068	512104	14202802	720683	511864
14103930	723097	512089	14202803	720689	511906
14103931	723107	512086	142029	720394	511988
14103932	723075	512084	142030	721759	512164
14103933	723066	512085			


Kort 1: Skógræktarsvæði í Sellöndum og á Seljateigshálsi í Seljateigi SM-141




Kort 2: Land Seljateigs til suðurs og fornleifar á láglandi




Kort 3: Seljateigur og minjar á syðsta skógræktarsvæði á láglendi



Kort 4: Seljateigshjáleiga austan Geithúsaár. Engar fornleifar fundust í landi hjáleigu til norðurs í Sellöndum.



Kort 5: Land Seljateigshjáleigu og fornleifar vestan Geithúsaár. Beitarhús 028_01 og túngarður 028_02 eru á Puntbala í landi Seljateigshjáleigu



Kort 6: Fornminjar innan skógræktarsvæðis (gulu línur) í Seljateigshjáleigu.

